



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Ábyrgðarmenn

Árni Stefán Jónsson, formaður
Garðar Hilmarsson, varaformaður

Umsjón með útgáfu

Sólveig Jónasdóttir

Lausapennar

Ingimar Karl Helgason
Ragnheiður Júlía Ragnarsdóttir

Prófarkalestur

Stefanía Helga Skúladóttir

Forsíðumynd

Berglind Njálisdóttir

Umbrot og prentun

Guðjón Ó – vistvæna prentsmiðjan



Sameyki stéttarfélag

í almannapjónustu

Grettingsgata 89
105 Reykjavík
Símar: 525 8340, 525 8330
Netfang: sameyki@sameyki.is
www.sameyki.is

ISSN: 1670-881



Við styttum í 36 klukkustundir!

Stytting vinnuvikunnar er mál málanna þessa dagana. Við hjá Sameyki höfum hafið viðtæka fræðsluherferð þar sem við boðum alla okkar trúnaðarmenn á námsstofur um styttingu vinnuvikunnar. Þar undirbúum við okkar fólk undir vinnuna inni á vinnustöðunum sem framundan er. Við munum leggja áherslu á að stytta vinnuvikuna niður í 36 klst. hjá dagvinnufólki á öllum vinnustöðum og að lágmarki í 36 klst hjá vaktavinnufólki en allt niður í 32 klst. þar sem vaktarbyrgði er mikil.

Undanfarnar vikur hafa sumir stjórnmalámennt og fleiri nefnt það að frysta beri launahækkanir opinberra starfsmanna til þess að mæta niðursveiflu í efnahagsmálum. Hugmyndin er fráleit og varla svaraverð. En við viljum þó benda á að allar breytingar þurfa að ákvarðast við samningaborðið. Sem betur fer hefur forsætisráðherra vísað þessari hugmynd frá, enda myndum við aldrei taka slíkt í mál. Síðustu kjarasamningar voru samningar hófseminnar, krónutölusamningar, samningar þar sem lægstu launin fengu lagfæringu á meðan aðrir hópar rétt héldu í við þróun verðlags. Það ber að standa við kjarasamninga.

Það væri líka undarlegt að um leið og kallað er eftir aukinni einkaneyslu til að halda hjólum atvinnulífsins gangandi að fara viljandi að minnka ráðstöfunartekjur fólks. Nær væri að hið opinbera beitti öllum ráðum til þess að auka störf og tryggja mannsæmandi ráðstöfunartekjur fólks, hvort sem það þýðir hærri laun eða bætur. Við sjáum sannarlega samdrátt en líka fréttir um blússandi uppgang hjá íslenskum verslunareigendum. Aldrei hefur sala innanlands verið jafn mikil og þeirri þróun þurfum við að halda. Sú sala gefur tekjur í ríkissjóð og við þurfum að beita öllum brögðum til þess að auka neyslu innanlands. Þetta mun verða erfiðara eftir því sem stærri hópur verður atvinnulaus lengi, ráðstöfunartekjur þess stóra hóps mun minnka umtalsvert við núverandi aðstæður.

Heildaratvinnuleysi hér á landi var tæp 9% í júlí, og er það mjög mismunandi eftir svæðum og hópum. Ástandið er einna verst á Reykjanesi þar sem margir úr hópi okkar félagsmanna hjá Isavia og Fríhöfninni hafa misst vinnuna. Hlutfall þeirra sem hafa verið atvinnulausir í 6 mánuði og lengur mun næstu vikur og mánuði hækka hratt og því mikilvægt að stjórnvöld beiti sér með markvissum hætti til að tryggja afkomu þessa fólks. Það má gera með sköpun nýrra starfa, lengingu á tekjutengdum atvinnuleysisbótum og síðast en ekki síst hækkan atvinnuleysisbóta sem er eitt stærsta hagsmunamál þessa hóps. Sameyki hafnar því að hækkan atvinnuleysisbóta leiði til þess að fólk velji sér að lifa á bótum og krefjumst þess að bæturnar verði hækkaðar til þess að fólk geti lifað mannsæmandi lífi í atvinnuleit. Það velur sér enginn að missa vinnuna!

Stofnun ársins 2020 og málþing um framtíðarvinnumarkaðinn

Vegna Covid-19 faraldursins varð ekkert úr verðlaunaafhendingu í tengslum við niðurstöður könnunarinnar okkar um Stofnun ársins 2020. Ákveðið var að fresta því fram á haustið að birta niðurstöður og veita verðlaun.

Nú er komið að því!

Þann 14. október munum við loksins tilkynna hverjar Stofnanir ársins og Fyrirmyndarstofnanirnar eru. Þær stofnanir sem hrepptu efstu sætin munu þá verða verðalaunaðar og niðurstöður birtar á www.sameyki.is í framhaldinu.

Málþing um framtíðarvinnumarkaðinn

Sama dag munum við einnig halda áhugavert málþing um framtíðarvinnumarkaðinn sem verður sent út í streymi. Þetta er spennandi verkefni og í fyrsta sinn sem félagið streymir svo stóru málþingi. Eins og við flest höfum fundið fyrir þá hefur Covid kennt okkur eitt og annað um hvernig við getum nýtt tæknina betur í okkar allra þágu og við ætlum sannarlega að vera tilbúin fyrir framtíðina!

Þess má einnig geta að þemasurningar könnunarinnar okkar í ár fjölluðu einmitt um framtíðarvinnumarkaðinn og við munum kynna niðurstöður þeirra á málþinginu enda rödd félagsmanna mikilvæg í mótun framtíðarinnar.





Styttist í styttingu vinnuvikunnar á vinnustöðum

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB

Í kjarasamningum Sameykis sem undirritaðir voru í vor, rétt eins og í samningum annarra aðildarfélag BSRB, náðist langþráður áfangi þegar samið var um styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar. Nú er unnið hörðum höndum að því að undirbúa fræðslufni og leiðbeiningar svo samtöl um styttingu á dagvinnu geti hafist sem fyrst og stjórnendur geti hafið undirbúning styttingar hjá vaktavinnufólki.

Það er ekki að ástæðulausu að BSRB og aðildarfélag bandalagsins hafa barist fyrir styttingu vinnuvikunnar undanfarin ár. Rannsóknir og tilraunaverkefni sem hafa verið í gangi hjá Reykjavíkurborg og ríkinu sýna fram á ótvíræða kosti þess að stytta vinnuvikuna. Þar má meðal annars sjá að ánægja í starfi eykst og heilsa fólks batnar. Þá á launafólk betri möguleika á að samþætta einkalíf og vinnu og jafnrétti eykst. Þrátt fyrir styttri vinnutíma haldast afköstin óbreytt. Stytting vinnuvikunnar er því ekki bara hagsmunamál launafólks heldur sameiginlegt hagsmunamál starfsfólks og stjórnenda á vinnustöðum.

Það er talsverður munur á útfærslu styttingarinnar eftir því hvort unnið er í dagvinnu eða vaktavinnu. Vinnuvikan getur styst meira hjá vaktavinnufólki enda þekkt staðreynd að vaktavinna hefur neikvæð áhrif á líf og heilsu starfsfólks.

Samtal dagvinnufólks og stjórnenda

Á vinnustöðum þar sem unnin er dagvinna mun stytting vinnuvikunnar verða útfærð í samtali á milli starfsfólks og stjórnenda inni á hverjum vinnustað. Þar þarf að ræða vinnufyrirkomulagið og hvernig megi nýta tímann betur. Styttingin á vinnustöðum þar sem unnið er í dagvinnu á að taka gildi í síðasta lagi 1. janúar næstkomandi.

Þar sem unnið er í dagvinnu þurfa starfsmenn jafnt sem stjórnendur að hugsa vinnudaginn upp á nýtt. Í því sambandi er gagnlegt að velja því fyrir sér hvers vegna vinnuvikan hefur verið 40 stundir í næstum hálfa öld. Það eru engin vísindaleg rök fyrir því að nákvæmlega sá fjöldi klukkustunda henti best í öllum þeim fjölbreyttu störfum sem við vinnum þótt það hafi hentað í verksmiðjum um miðja 20. öldina. Tækniframfarir sem orðið hafa á undanförnum árum og áratugum og ný þekking sem orðið hefur til auðveldar starfsfólki og stjórnendum að nýta vinnutímann betur. Bara frá því kórónaveiran hóf að herja á samfélagið í vor hefur bæst verulega í þekkingu okkar á því hvernig er hægt að skipuleggja vinnutíma og verkefni.

Í samtölum starfsfólks og stjórnenda þarf að ræða verklag, vinnufyrirkomulag og þau sóknarfæri sem eru til staðar.

Markmiðið er einfalt, að ná fram gagnkvæmum ávinningi starfsfólksins og vinnustaðarins af styttingu vinnuvikunnar. Að endingu er svo ákveðið í sameiningu hversu mikið eigi að stytta vinnuvikuna og hvernig. Styttingin á að vera að lágmarki 65 mínútur á viku en heimilt er að stytta um fjórar klukkustundir í mesta lagi. Ýmsar útfærslur eru í boði. Þannig er til dæmis hægt að stytta hvern vinnudag, vinna styttra einn dag í viku og svo framvegis.

Leiðbeiningar um hvernig samtalið á vinnustöðum á að fara fram eru í vinnslu og verða þær sendar trúnaðarmönnum og öðrum sem leiða munu samtalið á sínum vinnustöðum um leið og þær eru tilbúnar. Til stóð að halda stóran vinnufund trúnaðarmanna úr öllum aðildarfélögum BSRB nú í byrjun september en vegna kórónaveirufaraldursins gengur það ekki. Þess vegna verður kynningarefnið sent út, fundir verða smærri og á forræði aðildarfélaganna, auk þess sem haldinn verður rafrænn fundur með trúnaðarmönnum. Sameyki mun meðal annars halda sérstakar námsstofur um efnið fyrir sína trúnaðarmenn í september og október.

Allt að 8 klukkustunda stytting á vaktavinnu

Á vinnustöðum þar sem unnin er vaktavinna verður vinnuvikan stytt um að lágmarki fjórar klukkustundir en að hámarki um átta klukkustundir hjá því starfsfólki sem vinnur næturvinnu og er því á þyngstu vöktunum. Með því að stytta vinnuvikuna meira hjá þeim sem vinna erfiðustu vaktirnar er í raun verið að leiðrétta vinnutíma vegna neikvæðra áhrifa þungrar vaktabyrðinnar á andlega og líkamlega líðan vaktavinnufólks.

Búast má við því að gera þurfi breytingar á vaktaskipulagi og fjölga starfsfólki og því þarf meiri tíma til undirbúnings en á þeim vinnustöðum þar sem eingöngu er unnið í dagvinnu. Þess vegna mun stytting vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki taka gildi 1. maí 2021. Undirbúningur fyrir breytingarnar er í fullum gangi og verða starfsmenn upplýstir um gang mála jafnóðum.

Algengt er að starfsfólk sem vinnur á sólarhringsvöktum velji sér hlutastarf, til dæmis 75 til 80 prósentu starfshlutfall. Margir þeirra sem fara þessa leið segja að það sé einfaldlega ekki hægt að vinna vaktavinnu í fullu starfi vegna þess hversu þung verkefni séu. Til að ná fullri hvíld þurfi mikinn hvíldartíma milli vakta og því sé raunverulegt frí lítið sem ekkert.

Það starfsfólk sem hingað til hefur valið að vera í hlutastarfi getur eftir styttingu vinnuvikunnar valið að hækka starfshlutfallið sitt og unnið svipaðan tímafjölda og áður. Með því getur það hækkað laun sín umtalsvert án þess að bæta við sig vinnu. Meirihluti vaktavinnufólks, bæði hjá ríki og sveitarfélögum, eru konur og því um löngu tímabæra og mikilvæga aðgerð í átt að auknu jafnrétti að ræða.

Minni vinna og meiri frítími

Það er fagnaðarefni að baráttumál BSRB og aðildarféлага bandalagsins til margra ára sé nú að ná fram að ganga. Í þeirri baráttu hefur samstaða BSRB félaga verið órjúfanleg. Eins og við þekkjum af sögu verkalyðshreyfingarinnar í gegnum tíðina hafa þær kjarabætur sem raunverulega skipta máli ekki komið af sjálfu sér. Það á einnig við um styttingu vinnuvikunnar. Við hvetjum því félagsmenn til að vera virka í samtölum á sínum vinnustað og horfa björtum augum til framtíðar með styttri vinnutíma og meiri frítíma.



Sameyki heldur um þessar mundir sérstakar námsstofur um styttingu vinnuvikunnar fyrir trúnaðarmenn, enda má eiga von á því að vinnan við styttinguna lendi á þeim að stórum hluta. Námsstofunum er ætlað að búa þá betur undir þá vinnu og er hópnum skipt niður eftir eðli starfa þeirra og starfstíma. Áætlað er að halda um 12 námstofur í allt, fyrst fyrir dagvinnufólk og síðan strax í október fyrir vaktavinnufólk.

Diplómanám í opinberri stjórnsýslu

Nám sem nýtist sannarlega vel í starfi hjá hinu opinbera



Það voru stoltir nemendur sem útskrifuðust úr nýja Diplómanáminu í opinberri stjórnsýslu frá Bifröst í vor. Sameyki stéttarfélag óskar þeim innilega til hamingju með áfangann og þakkar þeim fyrir að hafa tekið þátt í tilraunahópnum sem gerði það kleift að fara af stað með nýtt nám sem er sérhannað fyrir opinbera starfsmenn.

Háskólinn á Bifröst býður upp á diplómanám í opinberri stjórnsýslu. Námið var kennt í fyrsta sinn í vetur sem tilraunaverkefni. Vel tókst til og útskrifuðust 23 starfsmenn ríkisins úr diplómanáminu frá Háskólanum á Bifröst. Námið er í boði áfram í haust hjá Bifröst og verður það áfram.

Vel heppnað tilraunaverkefni

Þetta er í fyrsta sinn sem boðið var upp á nám í opinberri stjórnsýslu á fagháskólastigi og var það þróað af Fræðslusetrinu Starfsmennt og Háskólanum á Bifröst í samvinnu við Sameyki stéttarfélag í almannatjónustu og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Um var að ræða tilraunaverkefni sem er liður í úrvinnslu bókunar með kjarasamningi Sameykis og fjármálaráðherra um að fjölga menntunar- og starfsþróunarúræðum fyrir ríkisstarfsmenn. Það voru 28 starfsmenn frá 23 stofnunum ríkisins sem hófu nám haustið 2018 og afar ánægjulegt að langflestir náðu að fara alla leið en það getur verið átak að fara í nám og samræma það vinnu- og fjölskyldulífi. Áhersla var lögð á að nemendur í tilraunahópnum tækju námið á hálfum hraða, til að dreifa álaginu, þannig að 60 einingarnar dreifðust á tvö ár.

Námið er tilvalið fyrir einstaklinga sem starfa nú þegar eða hafa áhuga á að starfa hjá opinberum stofnunum og innan opinberrar stjórnsýslu, bæði hjá ríki og sveitarfélögum eða á vettvangi stjórnmála, þar með talið innan stjórnmálaflokka.

Námið er fullgilt 60 ECTS eininga diplómanám á háskólastigi og nýtast námsþættirnir opinberum starfsmönnum til að dýpka skilning á samhengi opinbers rekstrar og öðlast aukna innsýn í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Diplómanámið getur nýst þátttakendum sem valgrein inn í annað háskólanám á BA/BS stigi.

Á námskránni er meðal annars upplýsingatækni, stjórnmál og opinber vinnuréttur og mannauðsstjórnun, siðfræði, skjalastjórnun, rafræn stjórnsýsla og örugg tjáning svo eitthvað sé nefnt.

Markmið námsins er að nemendur kynnist lagaumhverfi ríkisins og stofnana þess, öðlist skilning á pólitísku gangverki ríkisvaldsins og fái hagnýta þjálfun í margvíslegri rekstrarfærni. Námið er sérstaklega hannað með þarfir ríkisins og opinberra starfsmanna í huga. Kennt er í lotum og fyrirlestrum sem eru á rafrænu formi. Einnig er lögð mikil áhersla á verkefnavinnu.

Mikil áhersla er lögð á gagnrýna hugsun og hagnýta tengingu við raunhæf verkefni sem eru fjölbreytt og umfangsmikil. Námið er kennt í 6 vikna lotum og nemendur takast á við fjölbreytt viðfangsefni og verkefni tengd raunverkefnum samfélagsins. Mikil er unnið í hópum og eru umræður og samstarf nemenda og kennara m.a. á svokölluðum reglulegum vinnuhelgum mikilvægur þáttur námsins og tryggir nemendum góðan undirbúning fyrir ábyrgðar- og forystustörf.

Bifröst hefur ákveðið að halda áfram með námið að þessu loknu. Bifröst býður einnig upp á BA nám í opinberri stjórnsýslu og geta þeir sem lokið hafa diplómanáminu haldið áfram og nýtt diplómagráðuna sem hluta af BA gráðu.

Blaðamaður Sameykis fór á stúfana og hitti nokkra sem tóku þátt í tilraunaverkefninu og heyrði þeirra hlið á öllu sem viðkom náminu.



Sér starfið með öðrum augum

Egill Björnsson er einn þeirra nemenda sem útskrifuðust með diplóma í opinberri stjórnsýslu síðastliðið vor. Hann tók þátt í tilraunaverkefninu og segist í heildina hafa verið ánægður með námið. Það hafi auðvitað komið upp hnökrar, enda um nýtt nám á tilraunastigi að ræða, en hann var ánægður með námið sjálft. Hann vill hrósa Starfsmennt fyrir sinn þátt í náminu, þar hafi allir verið boðnir og búnir til að aðstoða þau.

Egill starfar sem fangavörður og er með BA próf í heimspeki og lauk fangavarðaskólanum í kringum 2011. Hann segir það hafa verið stökk fyrir sig að byrja í námi aftur. Uppbygging þessa náms hafi verið allt öðruvísi en hann átti að venjast. Allt var kennt í fjarnámi í lotum og svo hist á vinnuhelgum. Það hafi tekið hann tíma að aðlagast því og hreinlega læra að vera í slíku námi. Þá sé hann í fullu starfi með fjölskyldu og stundum hafi verið knappur tími til að sinna verkefnunum í skólanum. Hann hafi samt lofað sér því í byrjun að sitja aldrei næturlangt yfir verkefnum, þetta segist hann hafa ákveðið eftir að hafa setið í ótæpilegan tíma yfir erfiðu Excel verkefni í byrjun annar. Egill hlær þegar hann rifjar þetta upp en ítrekar að það sé mikilvægt fyrir þá sem eru í svona námi með vinnu og fjölskyldu að afmarka tímann sem námið má taka. Vinnuhelgarnar voru að hans mati langbestar. „Það var mikill kostur að geta hist á vinnuhelgum og hitt samnemendur og kennara augliti til auglitis. Eftir slíkar helgar var ég fullur af orku og með miklu betri sýn á námið.“

Hann segir að þótt sum verkefnið hafi verið snúin og ólík því sem hann er að fást við dagsdaglega þá hafi mesti slagurinn í náminu verið við hann sjálfan. Það hafi alveg komið tímabil þar sem hann var við það að hætta, en er ánægður í dag að hann gerði það ekki. Egill segist hafa fengið mikið út úr því að takast á við þessar áskoranir og komast upp úr ákveðnum farvegi. Námið nýtist honum bæði beint og óbeint eins og allt nám. En starfið sér hann nú með öðrum augum, það sé mikilvægt að þekkja lagaumhverfi í opinberum störfum, t.d. stjórnsýslulögin og persónuverndina.



Ætti að vera skylda fyrir opinbera starfsmenn

Eva Agata Alexdóttir starfar á réttindasviði Tryggingastofnunar ríkisins sem ráðgjafi. Hún segir það mjög góðan vinnustað, samstarfsfélagarnir séu frábær hópur og samstaðan sé mikil. Hún segist hafa verið að leita sér að skemmtilegu og gagnlegu námi þegar hún rakst á diplómanámið í opinberri stjórnsýslu. Eva er fædd og uppalin í Póllandi og lærði þar og starfaði sem ljósmóðir. Hún fékk námið ekki metið hér á landi og ákvað að finna sér annan starfsvettvang. Hún hefur sinnt skrifstofu- og ráðgjafastarfi síðastliðin ár. Hún segir diplómanámið hafa verið draumanám fyrir hana þar sem hún þurfi að hafa mikla þekkingu á stjórnsýslulögun, persónuvernd og slíku í sínu starfi. Hún segist hafa tekið aukalega stjórnskipunarréttinn sem valnámskeið, það hafi verið mjög fróðlegt og gaman. Eva segir að það vanti oft þekkingu á þessum atriðum og svona nám sé því afar mikilvægt hjá opinberum starfsmönnum, hún segist jafnvel vilja ganga svo langt að hafa það sem skyldunám. Að minnsta kosti þurfa allir að hafa grunnþekkinguna á opinberri stjórnsýslu. „Ef við þekkjum stjórnsýslu- og persónuverndarlögin getum við leiðbeint fólki betur,“ segir Eva og bætir við að það sem þau hafi til dæmis lært um vinnurétt nýtist henni bæði persónulega og í starfi. Skipulag námsins hafi verið gott, hún segir að það hafi verið gott að læra svona í nokkurra vikna lotum og geta fókuserað á eitt fag í einu.

Aðspurð að því hvort hún ætli að halda áfram í námi segist hún líklega ætla að láta þetta duga í bili þó að sannarlega hafi kviknað áhugi á að öðlast meiri þekkingu. Hún segir samt að það hafi verið mikið álag að sinna bæði vinnu og námi þótt börnin séu uppkomin. Henni fannst hvað erfiðast að fara í munnlegu prófin því þótt hún tali íslenskuna mjög vel þá hafi orðaforðinn í náminu stundum verið henni framandi. Munnlegu prófin voru því mjög stressandi fyrir hana. „Ég svaf stundum ekki fyrir stressi“ segir hún og hlær.

Eins og erfið fæðing

Gréta Björk Ómarsdóttir starfar á innheimtu- og skráasviði hjá Skattinum. Hún hefur starfað þar í tæp níu ár og líkar vel. Gréta segir að námið í opinberri stjórnsýslu hafi nýst henni gífurlega vel í starfinu.

Gréta hafði áður lokið einu ári í viðskiptalögfræði en hætt þar sem hún hafi fundið að hún hefði meiri áhuga á lögfræðinni en viðskiptafræðinni. Þá hafi hún einnig lokið háskólagáttinni hjá Bifröst.

Gréta er mjög ánægð með námið í opinberu stjórnsýslunni og segist vel geta hugsað sér að bæta við sig námi til að ná BA prófinu í opinberri stjórnsýslu og nýta þá námstyrki félagsins til þess.

Grétu fannst fyrirkomulag námsins mjög gott. Hún var ánægð með námið í heildina þótt nokkrir hnókrar hafi komið upp sem er eðlilegt í tilraunaverkefni eins og þessu. Henni finnst þeir kúrsar sem fjalla beint um stjórnsýsluna nýtast sér einna best en stjórnmálafræðin kannski síst. Hún telur að hún myndi hafa nýst betur ef nálgunin hefði verið önnur og meira miðuð við íslenska stjórnmálafræði þótt auðvitað sé alltaf áhugavert og mikilvægt að bera saman stjórnmál frá ólíkum löndum.

Það hefði mátt fara meira inn í íslensk stjórnmál og áhrif þeirra á stjórnsýsluna. „Álagið var auðvitað svolítið en þó ekkert of mikið“ segir Gréta, en hún var auk námsins í fullri vinnu með fjölskyldu. Hún segist hafa nýtt sér möguleika á námsleyfisdögum í prófatímabilum, það hafi munað miklu. Það hafi líka skipt miklu máli að það hafi verið velvilji á vinnustaðnum. „Þetta var auðvitað stundum erfitt og mikið álag að sinna námi með vinnu og fjölskyldu en líklega sé þetta eins og með erfiða fæðingu. Strax á eftir segir maður aldrei aftur en svo nokkrum vikum síðar er maður alveg til í meira“, segir hún og hlær.



Rafræn félagsskírteini

Við höfum látið útbúa rafræn félagsskírteini Sameykis inn á Mínunum síðum á vefnum og þar með falla gömlu skírteini SFR og St.Rv. sem einhverjir félagsmenn eiga enn, úr gildi. Til þess að skoða félagsskírteinið þarf að fara inn á Mínar síður með rafrænum skilríkjum eða Íslykli og velja þar Mínar upplýsingar. Þar undir birtist félagsskírteini með nafni og kennitölu ásamt dagsetningunni. Dagsetningin er til að tryggja að ekki sé hægt að afrita mynd af skírteininu en hún breytist eftir því hvenær þú opnar skírteinið.

Félagsskírteinið má til dæmis nota til þess að sanna félagsaðild sína og nýta sér ýmis afsláttarkjör sem félagsmönnum er boðið upp á. Allt um afsláttarkjörin má sjá inn á orlofsvefnum undir Afsláttur.



Vegna Covid 19

Skrifstofa Sameykis er opin alla virka daga milli kl. 9-16. Vegna Covid veirunnar óskum við eftir að félagsfólk sem kemur í heimsókn gæti sérstakrar varúðar og komi ekki nema nauðsyn beri. Við bendum á að hægt er að finna haldgóðar upplýsingar á vef félagsins sameyki.is. Þar er hægt að afgreiða sig sjálfur með t.d. að bóka orlofshús og íbúðir ásamt kaupum á orlofstengdum tilboðum. Umsóknir í sjóði félagsins s.s. styrktar- og sjúkrasjóði og í starfsmenntasjóði er hægt að senda inn í gegnum mínar síður. Einnig má senda tölvupóst á sameyki@sameyki.is eða hringja í síma 525 8330.

Almennt gildir að félagsfólk, gestir og starfsfólk Sameykis eiga ekki að koma í húsnæðið ef þau:

- a) Eru í sóttkví.
- b) Eru í einangrun (einnig meðan beðið er niðurstöðu sýnatöku).
- c) Hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
- d) Eru með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, bein- eða vöðvaverki, þreytu).

Þrif á vinnustað eru í umsjón sérstakra starfsmanna. Starfsfólk Sameykis sótthreinsar snertifleti eftir þörfum og sækir kaffi, te eða vatn fyrir félagsfólk og aðra gesti sem koma á skrifstofu. Lögð er áhersla á einstaklingsbundnar sóttvarnir s.s. handþvott, sótthreinsun og nándarmörk.

Gæta þarf að nándarmörkum í samræmi við reglur sóttvarnalæknis hverju sinni. Til að hægt sé að halda nándarmörk þarf að tryggja að ekki safnist of margir saman í sameiginlegum rýmum. Ef ekki er hægt að framfylgja nándarreglunni skal anda litisgrímu sem hylur munn og nef. Sameyki skipuleggur viðburði, námskeið, fundi og ráðgjafarviðtöl með þeim hætti að hægt er að fylgja reglum sóttvarnalæknis.

Leiðbeiningarnar byggja á leiðbeiningum sóttvarnalæknis og almannavarna.

Endurnýjun orlofshúsa

Orlofstjórn Sameykis hefur staðið í ströngu í sumar. Búið er að selja 4 orlofshús til brottflutnings úr Eyrarhlíð Munaðarnesi og verða þau flutt í burtu um miðjan september. Fyrir ári síðan voru seld í burtu þrjú hús sem voru í Stekkjarhólnum Munaðarnesi og hafa nú risið þrjú ný hús í stað þeirra gömlu, verða þau komin í útleigu á næstunni. Þá eru þegar hafnar framkvæmdir við næsta áfanga sem í eru þrjú hús sem verða í Eyrarhlíð og er þegar byrjað á grunni þeirra húsa. Í síðasta áfanganum verða síðan byggð þrjú ný hús í Eyrarhlíð.

Enn standa eftir tvö gömul hús sem munu aðallega verða notuð fyrir verktaka á svæðinu sem aðstöðu meðan á framkvæmdum stendur. Að loknum síðasta áfanga framkvæmdanna munu þau hús verða seld til brottflutnings.

Við vekjum athygli á því að öll orlofshús í okkar eigu eru til útleigu allt árið.



Nýju húsinn við Stekkjarhól.



Grunnur að húsi við Eyrarhlíð.

Gott að vita!

Námskeið og fyrirlestrar á vegum Sameykis Haust 2020

Sameyki býður upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á haustönn 2020 í samstarfi við Framvegis miðstöð um símenntun á höfuðborgarsvæðinu.

Skráning hefst 23. september kl. 17:00 á vef Sameykis

www.sameyki.is/fraedsla/gott-ad-vita-namskeid/

Að gefnu tilefni er vakin athygli á því að þegar fólk skráir sig á námskeið þarf það að vera viss um að enda með því að að smella á „Skrá umsókn“, annars skráist umsóknin ekki.

Vakin er athygli á því að í þetta sinn er boðið upp á nokkra viðburði á Netinu og fá þátttakendur senda krækju þegar nær dregur. Þá er einnig boðið upp á eitt námskeið á ensku.

Einnig er boðið upp á námskeið í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskóla Norðurlands vestra og Símeý símenntunarmiðstöð í Eyjafirði.

Nánari upplýsingar veittar hjá Framvegis á helga@framvegis.is eða í síma 581-1900 en Framvegis sér um skipulagningu námskeiðanna.

Golfnámskeið

Dagsetning: Tvö námskeið dagana, 28. og 30. september og 5. og 7. október

Fyrri námskeiðið kl. 17:00-18:00

Seinna námskeiðið kl. 18:00-19:00

Lengd: 4 klst.

Staður: Hraunkot, Golfklúbburinn Keilir, Hafnarfirði.

Leiðbeinandi: Andrea Ásgrímsdóttir PGA golfkennari Golfnámskeið fyrir þá sem vilja kynnast þessu skemmtilega sporti og læra réttu tókin. Tvö námskeið eru í boði.

Í fyrsta tímanum verða grunnatriði golfsveiflunnar kynnt, farið yfir búnað og annað sem skiptir máli. Í framhaldinu verður unnið nánar með grunnatriðin og stutta spilu bætt við, vipp og pútt. Þetta námskeið hentar bæði byrjendum og þeim sem eru aðeins komnir af stað í íþróttinni en vilja skerpa á grunnatriðunum. Þátttakendur þurfa sjálfir að koma með golfsett á námskeiðið og nota sín boltakort (sem er hægt að kaupa á staðnum). Þeir sem voru skráðir á golfnámskeið í vor hafa forgang á þessi námskeið.

Akríl pouring – Fluid art

Dagsetning: Þriðjudagur 6. október

Kl. 18:00-20:00

Lengd: 2 klst.

Staður: Föndurlist, Strandgötu 75, Hafnarfirði

Leiðbeinandi: Geirþrúður Þorbjörnsdóttir eigandi Föndurlistar sem er sjálfærð Mixed Media listamaður með áratuga reynslu í námskeiðahaldi.

Námskeið til að koma fólki af stað í akríl pouring.

Þátttakendur gera tvær myndir.

Akríl Pouring eða Fluid Art eins og það er oft kallað er tiltölulega ný en mjög vinsæl aðferð í myndlist.

Markmið námskeiðsins er að koma þér af stað með þessa skemmtilegu tækni.

Við þynnum akríl málningu með ákveðnum efnum og látum þetta fljóta yfir strigann. Útkoman er mjög skemmtileg og er þetta lang vinsælasta námskeið Föndurlistar.

Notuð eru fyrsta flokks efni og gera þátttakendur 2 myndir, 30x40 og 25x30 á strekktan striga.

Athugið að myndirnar verða ekki orðnar þurrar til að taka með heim sama kvöld.

Áfallastreita – í ljósi covid - Netviðburður

Dagsetning: Fimmtudagur 8. október

Kl. 18:00-19:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir, MS í vinnusálfræði

Finnur þú fyrir álagi og streitu? Er covid ástandið kannski að hafa áhrif á þig?

Birtingarmynd streitu er margvísleg. Streituvaldar geta verið utanaðkomandi, í nærumhverfi okkar en einnig getur streita hreinlega búið innra með okkur, áunnin og sjálfsköpuð. Oftast eru streituvíðbrögð okkar afleiðing af margvíslegum orsökum streitu. Áföll og ófyrirséð atvik valda mikilli streitu og óvissa viðheldur streituvíðbrögðum okkar. Hver og einn stýrir eigin viðbrögðum við streitu og mikilvægt er að tileinka sér rökhugsun gagnvart streituvöldum sem við höfum ekki stjórn á. Hægara sagt en gert, þörf er á þrautseigju og viðhorfi sem einkennist af langtímamarkmiði. Meðal annars verður farið yfir hvernig einstaklingur er útsettur fyrir streitu og hvaða einkenni er gott að þekkja til að geta tileinkað sér forvarnir gegn því að streitan yfirtaki líðan manns.

Stafræn borgaravitund

Dagsetning: Mánudagur 12. og fimmtudagur 15. október

Kl. 19:00-21:00

Lengd: 4 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Gerður Gestsdóttir, mannfræðingur.

Það er fullt af upplýsingum um þig á Netinu og á þessu námskeiði lærir þú hvernig þú getur nýtt þær. Við höfum aðgang að miklum upplýsingum um okkur sjálf á Netinu sem gagnast okkur í daglegu lífi en sumt höfum við kannski ekki hugmynd um að sé þarna. Á þessu örnámskeiði verður farið yfir hvar þessar upplýsingar eru og hvernig við getum nýtt þær. Einnig skoðum við hvernig við getum nýtt okkur Netið til samskipta við opinbera aðila, til að afla okkur upplýsinga um nærumhverfi okkar og til að vera virkari í samfélaginu. Þátttakendum er velkomið að koma með eigin síma eða tölvu en það er ekki skylda.

Aððsig –sjálfskoðun, tækifæri og áræðni!

Dagsetning: Fimmtudaga 15., 22. og 29. október

Kl. 17:00-20:00

Lengd: 9 klst.

Staður: Framvegis, Skeifan 11b, 3ja hæð

Leiðbeinandi: Helga Tryggva, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri

Námskeið fyrir þá sem vilja taka stöðuna á lífinu, velta fyrir sér styrkleikum og draumum og spá í framhaldið. Stendur þú á krossgötum og/eða ert að velta fyrir þér hvað er næst í lífinu? Er ástæða til að staldra við og skoða hvaða möguleika framtíðin ber í skauti sér? Námskeiðinu er ætlað að styðja þá sem finna hjá sér þörf eða löngun til að vega og meta styrkleika sína og langanir með það fyrir augum að þátttakendur skoði markmið sín og íhugi næstu skref.

Námskeiðið er í 6 lotum:

1. Velferð og hamingja
2. Hvar er ég núna – Af hverju er ég hér?
3. Styrkleikar og hæfni
4. Draumar og ástríða
5. Að taka breytingum fagnandi
6. Áfram veginn

Segja má að námskeiðið sé ferðalag þar sem þátttakendur fara í sjálfskoðun og gera áætlun um næstu skref í lífinu, annað hvort stór eða smá. Tvær lotur eru í hvert sinn og því nauðsynlegt að þátttakendur mæti í alla tímuna. Námskeiðið var hannað fyrir þá sem eru 50+ en er nú opið fyrir fólk á öllum aldri.

Krem og varasalvi

Dagsetning: Mánudagur 19. október

Kl. 17:00-18:30

Lengd. 1,5 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Vigdís Jóhannsdóttir grunnskólakennari sem hefur kennt allar mögulegar námsgreinar á öllum stigum grunnskólans, hérlandis og erlendis til margra ára. Undanfarin 10 ár hefur hún búið í New York þar sem hún hefur ásamt kennslu verið að kynna sér ýmislegt skemmtilegt sem hún núna deilir með löndum sínum. Það er nú bara skemmtilegt að búa sér til krem og varasalva!

Á þessu námskeiði lærir þú að búa til alhliða krem og varasalva út nátturulegu hráefni s.s kókosolíu og býflugnavaxi. Litlir hópar vinna saman með einfaldar uppskriftir og allir þátttakendur fara heim með fulla dós af dásamlegu kremi og varasalva.

Njótum en þjótum ekki

Dagsetning: Miðvikudagar og fimmtudagar 21., 22., 28. og 29. október og 4. og 5. nóvember

Kl. 17:30-19:00.

Lengd: 9 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð og utandyra.

Leiðbeinandi: Gróa Másdóttir jógakennari, leiðsögumaður og markþjálfari.

Létt útivist og sjálfstyrking blandast saman á skemmtilegan hátt á þessu námskeiði.

Á miðvikudögum verður farið í þægilega göngutúra í borginni og næsta nágrenni þar sem náttúran er tekin inn í ró og næði, án áreitis og stress. Áhersla er lögð á að þátttakendur setji sig í fyrsta, annað og þriðja sætið, hlusti á umhverfishljóðin, finni lyktina, hugleiði, geri léttar teygjur, slaki á og temji sér að njóta en ekki þjóta.

Á fimmtudögum hittisti hópurinn í BSRB húsinu þar sem unnið verður með sjálfstyrkingu í gegnum markþjálfun, jóga, hugleiðslu og slökun.

„Þar sem ég er lærður jógakennari, leiðsögumaður og markþjálfari hafa ýmis verkfæri sem tilheyra þessum ólíku sviðum safnast í verkfærakistuna mína. Ég hef verið að vinna með ungu fólki, frá VIRK, sem er að stíga upp og koma til baka eftir erfiðleika í gegnum Framvegis símenntun. Þar hef ég nýtt mér þessi verkfæri og hefur það gefist mjög vel.

Ég nota mikið öndun og hugleiðslu á mínum námskeiðum um leið og ég sái fræjum sjálfstyrkingar inn í huga þátttakenda. Ég nýti tilfinninguna þakklæti mikið, hjálpa þátttakendum að finna styrkleikana sína og hvernig þeir geta nýtt þá í sinni markmiðasetningu o.s.frv."

Fjarfundir - Netviðburður

Dagsetning: Mánudagur 26. október

Kl. 20:00-21:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Sigurður Haukur Gíslason kennsluráðgjafi. Sigurður hefur meistaraþróf í náms- og kennslufræði frá HÍ með áherslu á upplýsingatækni og miðlun. Hvernig mæti ég á fjarfundi eða fjarnámskeið? Og hvernig á að taka þátt í svoleiðis?

Langar þig að nýta tæknina til að heyra í vinum og ættingjum hvort sem þeir eru í næsta húsi eða úti í heimi? Þarftu að mæta á fjarfund og veist ekkert hvernig þú átt að bera þig að?

Á námskeiðinu verður farið yfir hvaða búnað þú þarft að hafa til að geta tekið þátt í fjarfundi og stutt kynning á algengustu forritum sem notuð eru á fjarfundum í dag. Einnig er farið yfir hvaða umgengnisreglur er gott að hafa í huga á slíkum fundum.

Krækja á námskeiðið og nákvæmar leiðbeiningar um hvernig á að mæta á fundinn verður send á skráða þátttakendur þegar nær dregur.

Teppahekl – hentar byrjendum

Dagsetning: Miðvikudagur 28. október

Kl. 19:00-22:00

Lengd: 3 klst.

Staður: Handverkskúnst, Hraunbær 102a, 110 Reykjavík

Leiðbeinandi: Elín Guðrúnardóttir sem er heklari í húð og hár og tekur heklið með hvert sem hún fer. Elín hefur haldið námskeið síðan 2012 og kennt ótal mörgum að hekla. Hún trúir ekki að það sé nein rétt eða röng leið til þess að halda á heklunál eða hekla, það eina sem skipti máli sé að skapa og hafa gaman.

Langar þig að hekla teppi? Þá er þetta klárlega námskeiðið fyrir þig. „Teppahekl er í miklu uppáhaldi hjá mér, það fyrsta sem ég lærði sjálf að hekla var teppi og þekki ég því vel sjálf hvað teppi eru þægileg byrjendaverkefni“ segir Elín leiðbeinandi á námskeiðinu.

Þátttakendur fá 5 uppskriftir af teppum og heklaðar eru prufur, líklegast nær enginn þó að hekla eftir öllum uppskriftum á námskeiðinu sjálfu.

Gott er að taka með sér garnaþanga og heklunál sem hæfir. Einnig er hægt að kaupa sér garn á staðnum og heklunál.

Matur og gleði - Netviðburður

Dagsetning: Mánudagur 2. nóvember

Kl. 20:00-21:00

Lengd: 1 klst.

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Berglind Guðmundsdóttir eigandi GulurRauðurGrænn&salt www.grgs.is

Hvernig mæti ég á fjarfundi eða fjarnámskeið? Og hvernig á að taka þátt í svoleiðis?

Á þessum fyrirlestri mun Berglind Guðmundsdóttir eigandi GulurRauðurGrænn&salt gefa ykkur góð ráð í eldhúsinu með áherslu á einfaldleika og hagkvæmni. Fjallað verður sérstaklega um atriði sem hjálpa okkur til að nýta það sem við eigum hverju sinni og uppskriftir sem allir fjölskyldumeðlimir geta lagt sitt af mörkum við að elda. Með fyrirlestrinum fylgir uppskriftahefti með bragðgóðum uppskriftum.

Krækja á námskeiðið og nákvæmar leiðbeiningar um hvernig á að mæta á fundinn verður send á skráða þátttakendur þegar nær dregur.

Macrame vegghengi

Dagsetning: Miðvikudagur 4. nóvember

Kl. 17:30-19:00

Lengd. 1,5 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Vigdís Jóhannsdóttir grunnskólakennari sem hefur kennt allar mögulegar námsgreinar á öllum stigum grunnskólans, hérlendis og erlendis til marga ára. Undanfarin 10 ár hefur hún búið í New York þar sem hún hefur ásamt kennslu verið að kynna sér ýmislegt skemmtilegt sem hún núna deilir með löndum sínum. Á námskeiðinu læra þátttakendur að gera grunnhnúta í macrame.

Það er ótrúlega róandi að hnýta macrame. Á þessu námskeiði lærir þú að gera grunnhnúta í macrame og ferð heim með lítið vegghengi.

Örfáir grunnhnútar er allt sem þú þarft í raun til að fíkra þig svo áfram í að hnýta flóknari og stærri vegg- eða blómahengi.

Matur og loftslagsbreytingar

Dagsetning: Þriðjudagur 10. nóvember

Kl. 17:30-22:00

Lengd: 4 til 4,5 klst.

Staður: Hússtjórnarskóli Reykjavíkur, Sólvallagötu 12

Leiðbeinandi: Dóra Svavarsdóttir er margreyndur matreiðslumeistari og hefur haldið fjölda námskeiða í gerð grænmetisrétt. Hún er eigandi Culina veitinga og fyrrum eigandi veitingastaðarins „Á næstu grösum“.

Loftslagsvænn matur verður eldaður og fjallað verður um áhrif þess sem við borðum á losun gróðurhúsalofttegunda. Matvælaframleiðsla er einn af stærstu einstöku losunarpóstunum á gróðurhúsalofttegundum.

Skiptir þar miklu máli hvað við veljum að borða, hvaðan það kemur, hvernig við geymum og göngum um matinn og síðast en ekki síst hvort við séum að sóa matnum okkar. Á þessu námskeiði förum við yfir kosti þess að auka við grænmetisfæði og tvinna það við hefðbundið mataræði og hvernig hægt er að nýta og nota afganga í nýjar krásir. Hvernig best er að geyma matvæli og hvað má frysta og hvernig.

Allir þátttakendur elda nokkra rétti sem við síðan borðum saman í lok námskeiðs.

Þátttakendur eru hvattir til að taka með sér eitthvað sem hefur dagað uppi í skápum, t.d þurrvöru og við notum það m.a. til að töfra fram nýjan mat. Eins er fólk hvatt til að taka með sér svuntu, inniskó og dalla til að taka með smakk handa svöngu fólki sem bíður heima.

Spænska fyrir ferðamenn

Dagsetning: Miðvikudaga 11., 18. og 25. nóvember

Kl. 18:00-20:00

Lengd: 6 klst.

Staður: Framvegis, Skeifan 11b, 3ja hæð – eða fjarnámskeið

Leiðbeinandi: Gerður Gestsdóttir, löggiltur skjalapýðandi úr spænsku á íslensku og túlkur

Á þessu örnámskeiði eru kennd grundvallaratriði í samskiptum á spænsku.

Spænska er einfaldari en margir halda og hægt að komast langt með smá innsýn í tungumálið. Á þessu örnámskeiði lærir þú grundvallaratriði í samskiptum svo sem að heilsa og kveðja og þakka fyrir þig; að komast á milli staða, spyrja til vegar og nota samgöngur; bjarga þér í búðum og veitingastöðum, getað spurt um vörur og skilið matseðilinn; og lesa úr kortum bæði á pappír og í símanum. Að lokum verður kennt á einföld hjálpartæki sem finna má í flestum snjallsímum.

Google Drive fyrir byrjendur - Netviðburður

Dagsetning: Fimmtudagur 12. nóvember

Kl. 20:00-21:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Netviðburður – skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Sigurður Haukur Gíslason kennsluráðgjafi.

Sigurður hefur meistaraþróf í náms- og kennslufræði frá HÍ með áherslu á upplýsingatækni og miðlun.

Það er alls konar í snjalltækjunum og tölvunum okkar sem við kunnum ekki endilega á. Google er eitt þeirra.

Google Drive er ókeypis gagnageymsla fyrir ýmiskonar skjöl s.s. textaskjöl og leikhúsmiða. Gögnin eru geymd í skýi og því aðgengileg í tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum. Sjá nánar hér: https://www.google.com/intl/is_ALL/drive/using-drive/

Á námskeiðinu verður kennt á Drive, Docs, Calendar, Photos og Maps. Reiknað er með virkri þátttöku þeirra sem sækja námskeiðið og þar sem allir þátttakendur verða fyrir framan tölvu verða þeir leiddir áfram í Google umhverfinu.

Konfektgerð

Dagsetning: Tvö námskeið mánudaginn 16. nóvember

Fyrri námskeiðið kl. 17:30-19:00

Seinna námskeiðið kl. 19:30-21:00

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Konfektvagninn (nánari staðsetning auglýst síðar)

Leiðbeinandi: Halldór Kr. Sigurðsson bakari og konditor.

Hann hefur í 22 ár kennt áhugasömum að búa til dýrindis konfekt, kransakökur og páskaegg.

Hin geysivinsælu konfektnámskeið eru enn og aftur í boði! Ath: tvö námskeið sama dag.

Hver og einn þátttakandi býr til sitt eigið konfekt undir leiðsögn Halldórs. Þátttakendur læra að tempru bæði dökkt og ljóst súkkulaði (mjólkursúkkulaði). Innifalið er kennsla, afrakstur kvöldsins innpakkaður í plast og konfektform til að taka með sér heim. Tilvalið að læra að útbúa sitt eigið konfekt fyrir jólin.

<https://www.facebook.com/konfektnamskeid/>

Digital Citizenship

Dagsetning: Monday and Thursday November 23. and 26.

Kl. 19:00-21:00

Lengd: 4 hours

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Gerður Gestsdóttir, anthropologist

This course is in English! There is information about you on the Internet - in this course you will learn how to use it to your advantage.

We have access to so much information about ourselves on the Internet that are useful in our daily life, even information we have no idea is out there. On this mini course we will find out where we can find this information and how it can be of use to us. We will also see how we can use the Internet to communicate with public institutions, find information about our environment and to participate in our society. Participants are welcome to bring their own cell phone or computer, but it is not required.

Af hverju snappar fólk?

- Er til betri leið?

Dagsetning: Þriðjudagur 24. nóvember

Kl. 20:00-21:00

Lengd: 1 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Bjarni Karlsson er prestur og Ph.D. í siðfræði frá HÍ sem starfar við sálsgæslu- og sálfræðistofuna Haf Síðumúla 11 í Reykjavík.

Af hverju snappar maður svona? Er hægt að finna betri leið? Fræðsla um gremju og reiði og muninn á virkri og vanvirkri hegðun.

Reiði og gremja er eitthvað sem hver einasta persóna þarf að kljást við í eigin lífi. Í því skyni að ná að tækla fyrirbærið er gott að vita í fyrsta lagi hvað það er sem veldur. Í öðru lagi er gott að vita hvernig reiði og gremja þróast í samskiptum fólks. Loks er mikilvægt að kunna að setja reiði sína í raunhæfan farveg. Um þessi þrjú atriði fjallar erindi dr. Bjarna.

„Alls bárust 453 umsóknir um starfið“



Ingimar Karl Helgason

Atvinnuleysi er stærsta og alvarlegasta afleiðing Covid-19. Hærri atvinnuleysisbætur nú myndu án efa örva hagkerfið og koma í veg fyrir aukinn samdrátt og meira atvinnuleysi. Stjórnvöld skella samt skollaeyrum við kröfum verkalýðshreyfingar og stjórnarandstöðu um slíkar aðgerðir. Hundruð umsóknir berast um laus störf, atvinnuleysi stefnir í sögulegt hámark, fólk tekur út séreignarsparnað í milljarðavís og þúsundir óska eftir greiðslufresti á húsnæðislánum.

Dekkri spá um atvinnuleysi

Seðlabankinn birti í lok ágúst nýja hagspá þar sem gert er ráð fyrir 10 prósentu atvinnuleysi í vetur. Það er enn meira en Hagstofan spáði um mitt sumar og hið langmesta frá því að mælingar hófust. Þar segir einnig: „Óvissan er hins vegar óvenju mikil og þróun efnahagsmála mun ráðast af framvindu farsóttarinnar.“ Óvissan um hvað stjórnvöld hyggjast fyrir er einnig fyrir hendi.

En hver er staðan? Vinnumálastofnun (VMST) segir í mánaðarskýrslu sinni fyrir júlí (en hún er birt um miðjan ágúst) að almennt atvinnuleysi hafi mælst 7,9 prósent í júlí. VMST bendir á að atvinnuleysi hafi vaxið og búist er við að það aukist enn þegar uppsagnarfrestur þeirra sem sagt var upp í hópuppsögnum í vor rennur út. VMST spáir því að almennt atvinnuleysi fari í um 8,6% í ágúst, en aukist lítið í september. Sumir á atvinnuleysissskrá fari í nám. Enginn hefur, svo séð verði, metið hversu margir, og þar með hversu margar fjölskyldur, munu verða fyrir verulegri skerðingu á lífskjörum þegar uppsagnarfrestur þeirra rennur út hjá þeim fyrirtækjum sem fengu uppsagnarstyrki hjá stjórnvöldum. Hátt í 400 rekstraraðilar höfðu sótt um greiðslu launa í uppsagnarfresti í byrjun ágúst. Stjórnvöld hafa ekki birt mat á fjölda þess fólks sem þar liggur að baki, þrátt fyrir að almennt séu veittar nokkuð greinargóðar upplýsingar um stöðu mála með ýms úrræði stjórnvalda á vefsvæði stjórnarráðsins.

Hvað svo?

Stjórnvöld ætla að skella skollaeyrum við skýrum kröfum verkalýðshreyfingarinnar, jafnt á opinbera markaðnum sem á almenna markaðnum um að atvinnuleysisbætur verði hækkaðar í samræmi við ákvæði lífskjarasamningsins. Í frumvarpi félagsmálaráðherra um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru sem lagt var fram á Alþingi í lok ágúst er aðeins að hluta komið til móts við skýrar og mikilvægar kröfur um að lengja tímabil tekjutengdra

atvinnuleysisbóta og lagðar eru til ráðstafanir sem gætu gert atvinnuleitendum kleift að sækja nám. Parna er hins vegar ekki orð um hækkun grunnbóta atvinnuleysistrygginga.

Blað Sameykis sendi fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrirspurn um hækkun grunnbóta 12. ágúst. Ráðuneytið og upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar vísuðu fyrirspurninni eftir margar ítrekanir til félagsmálaráðuneytisins. Efnislegt svar hefur ekki borist þaðan þegar þetta er skrifað, síðasta dag ágústmánaðar.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingflokksformaður VG, segir í samtali við blaðið, að í „þessari lotu“ standi ekki til að hækka grunnatvinnuleysisbætur. Ekkert sé hins vegar útilokað segir hún og vísar til Katrínar Jakobsdóttur, sem svaraði óundirbúinni fyrirspurn á Alþingi með sama hætti í lok ágúst.

Viljum skýr skilaboð

„Skilaboðin frá sóttvarnaryfirvöldum eru þau að við megum búast við að sóttvarnastig eigi eftir að aukast og minnka á víxl, jafnvel næstu tvö árin. Aðgerðir stjórnvalda miðast hins vegar flestar einungis við nokkurra mánaða tímabil. Við hjá BSRB viljum fá skýr skilaboð um að afkoma fólks sem hefur misst atvinnuna verði tryggð,“ segir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB.

Hún bendir á að atvinnuleysi sé fólki gríðarlega erfitt og fjárhagslegt óöryggi sem því veldur mikill streituvaldur. Lenging tímabils tekjutengdra bóta og hækkun grunnbóta myndi tryggja betur framfærslu þess stóra hóps sem nú sé án vinnu, draga úr streitu henni tengdri, og gera fólki betur kleift að takast á við atvinnuleitina, taka ákvarðanir um nám eða aðrar leiðir til að afla sér lífsviðurværis til framtíðar. Hækkunin myndi einnig leiða til aukinnar kaupgetu mörgþúsund einstaklinga og vinna þannig gegn enn frekari samdrætti í efnahagslífinu,“ bætir hún við.

„Við köllum líka eftir fjárhagslegum stuðningi við fjölskyldur sem hafa ekki getað sinnt vinnu, að öllu leyti eða hluta, vegna þess að einhverjum í fjölskyldunni stendur meiri ógn af veirunni en almennt gerist vegna sjúkdóma eða fötlunar eða fær ekki nauðsynlega, reglubundna þjónustu vegna sóttvarnaaðgerða,“ segir Sigríður Ingibjörg og bætir við að einnig þurfi betri stuðning við allt það launafólk sem starfar í framlínu í heilbrigðis- og almannavarnakerfinu.

Hún kallar sömuleiðis eftir kröftugum vinnumarkaðsaðgerðum til að skapa ný störf. BSRB fagni því að ríkisstjórnin hyggist leggja fram fjárfestingaráætlun, en BSRB leggi áherslu á að fjárfestingarnar stuðli að samdrætti losunar gróðurhúsalofttegunda, séu arðbærar og styðji við nýsköpun en ekki síður mennta- og heilbrigðiskerfið. „Við bendum líka á að rannsóknir

**Hærri atvinnuleysisbætur nú örva
hagkerfið og koma í veg fyrir
atvinnuleysi segir prófessor í hagfræði
við Háskóla Íslands**

**Hækkun atvinnuleysisbóta þolir ekki
bið segir fyrrverandi fjármálaráðherra**

**Skilaboð stjórnvalda eru óskýr
og óvissa um framhaldið**

Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar sýna að það er skynsamlegt að auka fjárveitingar til mennta-, félags- og heilbrigðiskerfisins þegar illa árar því það eykur velsæld og getu fólks til atvinnuþátttöku og stuðlar að aukinni framleiðni til lengri tíma.“

„Það er skynsamlegt að auka fjárveitingar til mennta-, félags- og heilbrigðiskerfisins þegar illa árar því það eykur velsæld og getu fólks til atvinnuþátttöku og stuðlar að aukinni framleiðni til lengri tíma.“

Mikilvægi hins opinbera markaðar

„Það er augljóst í mínum huga að hið opinbera verður með stórt hlutverk í skaðaminnkun vegna áhrifa faraldursins,“ segir Oddný G. Harðardóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi fjármálaráðherra. Hún segir í samtali við Blað Sameykis að heimili þeirra sem misst hafa vinnuna verði fyrir miklu tjóni, „og við eigum að dreifa þeim byrðum með hærri atvinnuleysisbótum og lengri tekjutengdu tímabili atvinnuleysistrygginga. Breytingar á atvinnuleysistryggingum í þessa veru þola enga bið.“

Oddný bætir því við að hið opinbera þurfi með auknum stuðningi að sjá til þess að þeir sem standi höllum fæti verði ekki fyrir barðinu á slæmri stöðu ríkissjóðs, eins verði að huga að menntun og nýsköpun. „Ég tel að opinberi vinnumarkaðurinn muni gegna enn stærra hlutverki við þessar óvenjulegu aðstæður.“



Atvinnustefna óskast

Oddný bætir því við að brýnt sé að stjórnvöld setji fram skýra stefnu í atvinnuálagum. Efnahagslægingin nú sé öðruvísi en í Hruninu 2008. Við munum rísa upp úr henni, en það velti á því hversu fljótt við fáum bóluefni við Covid-19. „Þangað til þarf að hlúa að heilsu landsmanna, gæta að félagslegri hagsæld og lágmarka efnahagslegt tjón heimila og lífvænlegra fyrirtækja. Stefna hins opinbera í atvinnuálagum er aðkallandi.“

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, varaformaður þingflokks Pírata segir ríkisstjórnina hafa öll spil á hendi til að spila vel úr stöðunni „og koma í veg fyrir að illa fari þó illa ári.“

Hér skipi opinberi geirinn vissulega mikilvægt hlutverk fyrir samfélagið í heild og á tímum mikils atvinnuleysis. „Ríkið er nokkuð öruggur vinnuveitandi og segja má að opinberir starfsmenn séu meðal annars mikilvægir vegna þess að þeir þurfi síður að óttast atvinnumissi og haldi því ákveðinni eftirspurn lifandi í hagkerfinu,“ segir Þórhildur Sunna.

Hún segir hin efnislegu gæði sem opinberir starfsmenn færi hagkerfinu séu þannig mikilvæg. „En mikilvægari finnst mér samfélagslegu gæðin sem opinberi geirinn færir okkur. Við gætum notað þetta tækifæri til þess að stórefla þjónustu við fatlaða, við skólabörn, við aldraða sem og öryrkja. Sömualeiðis gætum við stóreflt nýsköpun í opinbera geiranum og skapað fjölda starfa við að bæta innviði samfélagsins, hvort sem það er í hinum stafræna eða efnislega heimi.“

Samdráttur á pari við Hrunið

„Það er ljóst að efnahagssamdráttur verður verulegur og kannski svipaður og fyrir rúmum áratug að umfangi. Verðmætasköpun hagkerfisins verður minni og það mun m.a. birtast - og hefur þegar gert það - í þáttum eins og auknu atvinnuleysi,

fjárhagserfiðleikum og jafnvel gjaldþrotum fyrirtækja, halla á ríkissjóði og sveitarfélögum og veikingu krónunnar,” segir Gylfi Magnússon, prófessor í Hagfræði við Háskóla Íslands og fyrrverandi viðskiptaráðherra. Hann bætir því við að staðan sé mis slæm eftir geirum og áberandi verst í ferðaþjónustunni.

Gylfi bendir á að framvinda efnahagsmálanna næstu mánuði velti á því hvernig takist að halda Covid-19 faraldrinum í skefjum. „Takist það verður hægt að halda hjólum efnahagslífsins gangandi, með einhverjum rykkjum og skrykkjum, í flestum geirum nema ferðaþjónustu. Hvort sem landamærin verða opin eða lokað eða hálflokað þá munu ekki margir erlendir ferðamenn koma í vetur.“

Hærrí bætur draga úr atvinnuleysi

Gylfi bendir jafnframt á að hið opinbera þurfi að halda áfram aðgerðum í efnahagsmálum og á vinnumarkaði. Þegar hafi verið gripið til ýmissa aðgerða til að halda uppi eftirspurn í hagkerfinu, til dæmis með hlutabótaleiðinni svonefndu og einhverjum opinberum framkvæmdum. „Það er engin ástæða til annars en að halda því áfram, raunar meira eða minna þangað til sér fyrir endann á faraldrinum, þá verður hægt að vinda ofan af slíku í áföngum. Það má þó ekki gerast hratt. Hærrí atvinnuleysisbætur nú myndu án efa örva hagkerfið, slíkar greiðslur fara nánast sjálfkrafa til kaupa á vörum og þjónustu sem kemur í veg fyrir aukinn samdrátt og þar með aukið atvinnuleysi. *Við þessar aðstæður myndi hækkun atvinnuleysisbóta (og lenging þess tíma sem hægt er að fá þær greiðslur)* þannig nær örugglega draga úr atvinnuleysi,” segir Gylfi Magnússon prófessor, og bendir á að með því að lækka stýrivexti fyrir á árinu hafi Seðlabankinn jafnframt nýtt sín stjórnþætti til að örva hagkerfið.

Alls ekki niðurskurð!

Ekki er að sjá að stefna stjórnvalda sé skýr. Fjármálaráð bendir t.d. á að fjármálastefnan þyrfti að vera skýrari. Atvinnuleysið sé stærsta verkefnið og að þeir sem missi vinnuna sjái fram á „verulega skerðingu lífskjara“. Ráðið endursegir fjármálastefnuna svona: „Stjórnvöld boða að staðið verði vörð um helstu tilfærslukerfi og hvorki verði sett krafa um frekara aðhald né umsvif og réttindi aukin.“

Það er líka erfitt að sjá að stjórnvöld geri sér grein fyrir þeirri grafalvarlegu stöðu sem fjölmargir eru í nú þegar, og fleiri fjölskyldur lenda í þegar uppsagnarfrestir renna út með tilheyrandi tekjufalli og áhyggjum, ekki aðeins fyrir þá sem missa vinnuna, heldur maka þeirra og börn. Eins virðast stjórnvöld ekki hafa nein skýr svör við því hvernig eigi að halda uppi eftirspurn í hagkerfinu til þess að tryggja að kreppan verði ekki enn verri en óhjákvæmilegt er vegna heimsfaraldurs kórónaveiru. Ummæli samgönguráðherra og formanns Framsóknarflokksins í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni 30. ágúst eru skýrt dæmi um slíkt. Þar varpaði hann því fram hvort fresta mætti launahækkunum samkvæmt kjarasamningum, en það blasir við öllum að slík aðgerð myndi aðeins gera vont verra. Einnig sést undarlegt stöðumat stjórnvalda í þeirri ráðstöfun að bjóða ekki verkalýðshreyfingunni aðild að starfshópi til að meta aðgerðir vegna sóttvarna.

Byrðarnar eiga ekki að lenda á heimilunum

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, segir að fjöldi atvinnulausra og lítið framboð af störfum sé stærsta áhyggjuefnið um þessar mundir. „Það þarf því að hækka atvinnuleysisbætur, verja störfin og skapa ný. Áhrif atvinnuleysis til lengri tíma eru ekki bara fyrir einstaklinginn sjálfan, heldur einnig fjölskyldu hans og samfélagið allt. Við því þarf að bregðast með aðgerðum stjórnvalda en stéttarfélög þurfa einnig að styðja við sína félagsmenn, styrkja tengslin og bjóða áframhaldandi þjónustu líkt og aðgang að sí- og endurmenntun.“ Hún segir einnig að stjórnvöld þurfi að tryggja stuðning til foreldra sem missa tekjur vegna skerðinga á þjónustu leikskóla- og skóla af sóttvarnarástæðum eða smita.

Þá megi ekki færa efnahagslegu byrðina af samdrættinum yfir á heimilin eða starfsfólk almannaþjónustunnar með niðurskurði í opinberri þjónustu. „Reynslan sýnir að það er skammgóður vermir enda eru afleiðingar þess lengi að koma fram og ýta undir aukna misskiptingu,” segir Sonja Ýr og bætir við að Covid-19 faraldur sýni með skýrum hætti mikilvægi opinberrar þjónustu. En þessu ástandi fylgi einnig aukið álag fyrir stóra hópa innan almannaþjónustunnar. „Það er mjög mikilvægt að starfsfólki sé tryggð hvíld og endurheimt til að fyrirbyggja neikvæð áhrif streitu til lengri tíma. Sömuleiðis ættu allir sem eru í aukinni smithættu og undir stórauðni álagi í störfum sínum að fá greiðslur í samræmi við það.“

„Við þessar aðstæður myndi hækkun atvinnuleysisbóta nær örugglega draga úr atvinnuleysi“

Besta leiðin til að skapa störf

BSRB hefur með skýrum hætti bent á og kallað eftir eflingu opinberrar heilbrigðis-, félags- og umönnunarþjónustu til að bæta heilsu og velsæld sem til lengri tíma eykur framleiðni launafólks, leiðir til herra atvinnustigs og eykur þar með tekjur ríkissjóðs. Kynjaáhrifin af fjárfestingu í opinberri þjónustu séu einnig mjög jákvæð.

Undir þessar áherslur tekur Finnborg Salome Steinþórsdóttir, doktor í kynjafræði. „Almennt þá er rík áhersla hjá stjórnvöldum ríkja til að fjárfesta „í steypu“, en femínískir hagfræðingar hafa verið að benda á mikilvægi þess að fjárfesta í félagslegum innviðum, s.s. í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Það sé skilvirkasta leiðin til að skapa fleiri (og betur launaðri) störf sem og mikill ávinningur fyrir samfélagið allt og sérstaklega jaðarsetta hópa. Auk þess þá er atvinnuleysi að aukast meira meðal kvenna en karla og því eðlilegt að reyna að bregðast við því.“

Erfið staða blasir við

Fyrir almennt launafólk blasir við erfið staða og sérstaklega þeim sem missa vinnuna. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hefur til dæmis ítrekað bent á að stór hluti launafólks er ekki í aðstöðu til þess að leggja nokkuð fyrir af launum sínum. Það sé því í raun aðeins örfáa launaseðla frá því að missa húsnæðið, ef eitthvað

kemur upp á í fjármálum heimilsins, hvað þá þegar launaseðlarnir hætta að berast eins og nú þegar er raunin hjá a.m.k. 17 þúsund einstaklingum, og við blasir að þeim muni fjölga mikið á næstunni.

Nýlega var greint frá því í Morgunblaðinu að aðeins 6 prósent fyrirtækja vilji fjölga starfsfólki á næstunni, samkvæmt athugun Gallups hjá 400 stærstu fyrirtækjum landsins. Þetta hlutfall er það lægsta síðan byrjað var að mæla þetta árið 2006, eða síðasta einn og hálfan áratug. Þá segir í sömu könnun að upp undir fjögur af hverjum tíu fyrirtækjum vilji fækka starfsfólki. Ljóst er að hér er langt í frá um að ræða eingöngu fyrirtæki í ferðaþjónustu. Af tíu stærstu fyrirtækjum landsins er aðeins eitt í ferðaþjónustu, Icelandair.

Sara Jasonardóttir, hjá Umboðsmanni skuldara, segir við blaðið að framan af ári hafi borist færri umsóknir til embættisins um aðstoð vegna fjárhagsvanda en í fyrra, en óvarlegt sé að draga ályktanir af því. „Við eigum þó frekar von á að umsóknum fjölgi nú með haustinu þegar uppsagnir taka gildi hjá fjölda einstaklinga.“

Sparnaður tekinn út og lánin sett í frost

Samkvæmt yfirliti á vef stjórnarráðsins hafði fólk tekið um 14,5 milljarða króna út af séreignasparnaði um miðjan ágúst. Það eru sjö þúsund manns á bak við þessa tölu, en meðal útgreiðslna á mánuði nemur um hálfri milljón króna. Búist er við frekari útgreiðslum.

Um þrjú þúsund manns voru með húsnæðislán í greiðsluhléi um miðjan ágúst. Rúnar Pálmason, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir við *Blað Sameykis* að um 1.400 fyrirspurnir hafi borist um greiðsluhlé. Viðskiptavinir með um 8,8 prósent af heildaríbúðalánum bankans hafi fengið einhvers konar frestun á greiðslum. Óvissa sé um framhaldið, en undir það tekur Haraldur Guðni Eiðsson, upplýsingafulltrúi Arion banka. „Þessa dagana er verið að líta fram á veginn og skoða hvaða úrræði verða í boði. Það má gera ráð fyrir að áfram verði boðið upp á greiðsluhlé í einhverri mynd, enda ljóst að víða verður áfram þörf fyrir slíkt úrræði. Þetta verður skoðað í samstarfi við önnur fjármálafyrirtæki og við hið opinbera.“

Hundruð umsókna um hvert laust starf

En hvernig er staðan hjá fólkinu sem nú berst um þau störf sem þó eru í boði? Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri, skrifaði grein á vef *Kjarnans* nýlega sem vakti mikla athygli. Hann sagði meðal annars. „Sumir stjórnmalámennt hafa minnt landslýð á að „liggja“ ekki á kerfinu – að skrá sig t.d. atvinnulausan og fá bæt看ur. Þeim til upplýsingar þá er hámarksgreiðsla á mánuði 289.510 krónur. [...] Fyrir fólk sem missir vinnuna og hefur fyrir fjölskyldu að sjá auk þess að standa skil á mánaðaraborgun lána er atvinnuleysi og „bæturnar“ algjör katastrofa.“

Og meira um þetta. Nýlega var rætt við ráðningarfyrirtæki í fréttum *Stöðvar 2* þar sem greint var frá því að oft væru dæmi um e.t.v. 200 umsóknir um einstakt starf. Blað stéttarfélagsins þekkir þó nokkur svona dæmi. Til að mynda auglýsti Sjóvá nýlega eftir forvarnarfulltrúa og bárust um 200 umsóknir um starfið. Þessi tala bliknar þó í samanburði við fjölda umsókna um starf hjá Bjargi Íbúðafélagi BSRB og ASÍ sem auglýst var fyrr í sumar. Sá sem þetta skrifar sótti um og fékk eftirfarandi svar: „Okkur langar að þakka þér fyrir áhuga þinn á starfinu Starfsmaður á þjónustusviði. Alls bárust 453 umsóknir um starfið.“

Hugmyndafræðin ræður för

Sameinuð verkalýðshreyfing vekur athygli á því að hvergi hafi það virkað að „svelta“ fólk af bótum. Enda vita það allir sem reynt hafa, að lífinu á bótum fylgir kvíði, angist, versnandi sjálfsmynd, auk glímunnar við fjárhagsáhyggjur. Gríðarlega margir greiða meira en þriðjung vinnulauna sinna í húsnæði, samkvæmt því sem fram hefur komið á húsnæðisþingum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Þegar tekjufall verður, hækkar þetta hlutfall og enn minna verður til fyrir öðru, hvort sem það er íþróttaiðkun barnanna, föt og skór fyrir veturinn, eða hreinlega matur á diskana.

Samt sem áður segja sumir stjórnmalámennt í kór með SA, Viðskiptaráði og nú síðast Seðlabankastjóra, að hækkan bóta muni stuðla að auknu atvinnuleysi. Þetta er í stuttu máli pólitísk kenning sett fram sem hagfræðileg staðreind, *sem hún er ekki*.

Þetta hafa fjölmargar rannsóknir sýnt, eins og Jóhann Páll Jóhannsson, blaðamaður og meistaranemi í stjórnmaláhagfræði við London School of Economics, benti á í yfirlitsgrein á Stundinni nýlega. Fjölmargir hagfræðingar hafa líka bent á hið gagnstæða. Ólafur Margeirsson hefur sýnt að SA er á villigötum í áróðri sínum. Gylfi Magnússon er alveg skýr um það hér í blaðinu að hækkan atvinnuleysisbóta nú myndi auka eftirspurn og þannig draga úr atvinnuleysinu. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir er á sama máli og Guðrún Johnson sagði á samráðsfundi stjórnvalda nýlega: „Við vitum líka að það er ekki tölfræðilega marktækt samband á milli atvinnuleysistrygginga, eða bótanna, og atvinnuleysis. Hvort sem þær eru hækkaðar um tuttugu þúsund eða tuttugu og fimm þúsund til eða frá skiptir engu máli í sambandi við atvinnuleysi.“ En geta skipt sköpum hjá þeim sem ekki ná endum saman.

Ljóst er að stjórnvöld þurfa að gera betur. Krafan um þetta kemur ekki aðeins frá stjórnarandstöðunni, verkalýðshreyfingunni og þeim hagfræðingum sem hér eru nefndir. Gagnrýni og hvatning heyrir einnig úr óvæntum áttum, eins og í umsögn Geimvísinda- og tækniskrifstofunnar um frumvarp til fjárukalaga í vor: „Bein útgjöld ríkissjóðs eru ekki tapaðir peningar heldur fjárfesting í viðspyrnu, ekki síður en til framtíðar! Hér þarf að gera meira ef Ísland á ekki að fara verulega illa út úr niðursveiflunni, algjörlega að óþörfu.“



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
hagfræðingur BSRB

Hvers vegna er verkalýðshreyfingin að skipta sér af umhverfismálum?



Umræðan um loftslagsmál er gjarnan nokkuð flókin og stundum reynist erfitt fyrir okkur leikmennina að átta okkur á samhengi hlutanna. Vísindin að baki loftslagsmálum eru margslungin og svo er ýmislegt varðandi tölfræði skuldbindinganna um að draga úr losun sem er vægast sagt ruglingslegt.

Hvað eru loftslagsbreytingar?

Einfalda útskýringin á loftslagsbreytingum er að frá iðnvæðingu hefur hitastig á jörðinni hækkað að meðaltali um rúmlega 1 gráðu orkuframleiðslu úr jarðefnaeldsneyti (kol, olía og gas) og breyttar notkunar á landi. Það hljómar ekki mikið en afleiðingarnar eru gífurlegar. Hlýnunin og sterkari stormar sem henni fylgja hafa nú þegar valdið mun skæðari skógareldum eins og t.d. í Ástralíu, Kaliforníu, á Norðurlóðum og í regnskógum Suður-Ameríku. Æ fleiri heimili verða eldum að bráð og í skógareldunum í Ástralíu fyrir tæpu ári síðan dóu, eða misstu heimkynni sín, yfir þrír milljarðar dýra. Sjávarborð hækkar vegna bráðunar heimskaufaíss og jökla og fjöldi eyríkja munu verða óbyggileg þegar á þessari öld. Aukinn veðurofsi með sterkari vindum og meira regnmagni veldur eyðileggingu á landi og ýmsum veitukerfum. Hvert hitametið á fætur öðru fellur og því fylgja þurrkar sem valda vatnsskort og uppskerubresti sem bitnar ekki síst á íbúum fátækustu ríkja jarðar. Tugmilljónir jarðarbúa hafa þegar orðið að flýja heimkynni sín, langflestir í

Suðaustur Asíu og Afríku en einnig í Norður og Suður Ameríku og Evrópu. Ísland fer auðvitað ekki varhluta af breytingunum. Fyrsti jökullinn er horfinn, Okið, flóð úr lóni sem myndaðist vegna þess að Langjökull er að hopa olli aurskriðu í Hvítá með alvarlegum afleiðingum fyrir lífríki í ánni og umhverfi hennar og svo felur hlýnun og súrnum sjávar í sér beina ógn til lengri tíma við undirstöðuáttvinnugrein landsins, sjávarútveg.



Loftslagsbreytingar eru því orðnar hluti af daglegum veruleika okkar en ekki bara eitthvert ástand sem kann að skapast í framtíðinni. Vísindafólk hefur lengi varað við þessum breytingum, alþjóðastofnanir hafa brugðist við en hin almenna stjórnmálaumræða hefur leitt þessi mál hjá sér að mestu þangað til nú á allra síðustu árum. Hér á Íslandi voru sett lög um loftslagsmál árið 2012 en fyrsta raunverulega aðgerðaráætlunin til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda var ekki gerð fyrr en 2018. Hún var svo uppfærð vorið 2020 og er sú áætlun mjög vel unnin og fjallar með skýrum hætti um markmið íslenskra stjórnvalda um að draga úr losun og þær 48 aðgerðir sem eiga að stuðla að þeim markmiðum.

Hvað þarf Ísland að gera?

Ísland setur sér markmið í samræmi við Parísarsáttmálann frá 2015 og er í samstarfi við Evrópusambandið og Noreg. Samkvæmt því á Ísland að draga úr losun um 29% fram til ársins 2030 miðað við losunina eins og hún var árið 2005. En Ísland hefur ákveðið að ganga lengra og minnka losun um 40% fram til 2030. Ástæðan er sú að þjóðir heimsins, sérstaklega þær ríkari, þurfa að draga mun meira úr losun en samið var um í Parísarsáttmálanum. Markmið sáttmálans er að hækkun hitastigs jarðar verði undir 2 gráðum og að leitast verði við að halda henni undir 1,5 gráðum. Ísland ætlar því að ganga lengra svo að við leggjum okkar af mörkum til að hækkun hitastigs verði undir 1,5 gráðum. Það er mjög mikilvægt því við vitum nú hvað hækkun um 1 gráðu veldur miklu tjóni. Afleiðingar af meiri hlýnun munu því hafa gríðarlega neikvæð áhrif á samfélagið, vistkerfið og efnahaginn. Ef þjóðir heims nýta næstu 10 árin ekki vel mun hlýnun jarðar að öllum líkindum fara vel yfir 2 gráður. Slík hlýnun hefði skelfilegar afleiðingar.

Það er auðvelt að tapa áttum í þessari upptalningu og samt er bara hálf sagan sögð. Sú losun sem vísað er í hér að ofan er það sem kallað er losun á beina ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Um þriðjungur hennar kemur frá vegasamgöngum, fimmtungur frá landbúnaði, tæpur fimmtungur frá fiskiskipum og tíundi partur frá úrgangi svo það helsta sé talið. Þess vegna er verið að fjölga rafmagnsbílum og hleðslustöðvum og fjárfesta í uppbyggingu almenningssamgangna en það eru þær aðgerðir sem við almenningur verðum helst var við. Dregið hefur úr losun frá úrgangi en lífrænn úrgangur sem er urðaður losar enn mikið. Þess vegna skiptir miklu máli að draga úr matarsóun. Þótt fiskiskipaflotinn losi mikið hefur náðst að draga úr losun í greininni vegna fækkunar skipa og tæknibreytinga. Það sama verður ekki sagt um landbúnað en langmesta losunin þar kemur frá nautgripum og sauðfé.

Stóriðjan á Íslandi losar líka mikið en sú losun fellur ekki á beina ábyrgð íslenskra stjórnvalda heldur undir Evrópska viðskiptakerfið með losunarheimildir. Í heildina losar Ísland um 5 milljónir tonna af gróðurhúsalofttegundum mælt í koltvísýringi. Það er ekki mikið ef litið er til losunar á heimsvísu sem er um 50 milljarðar tonna. Ef við hins vegar mælum losun á íbúa þá losar hver íbúi á Íslandi næstum því helmingi meira en íbúar í Evrópusambandinu og þrisvar sinnum meira en hver jarðarbúi að meðaltali.

Hvað þarf verkalýðshreyfingin að gera?

Nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi munu hafa áhrif á störf, neyslumynstur og framleiðsluferla. Því skiptir miklu máli að verkalýðshreyfingin sé höfð með í ráðum þegar verið er að móta aðgerðir til að breytingarnar verði sanngjarnar og komi ekki niður á líf skjörum venjulegs launafólks. BSRB á aðild að Evrópska verkalýðssambandinu (ETUC) sem hefur sett sér stefnu um réttlát umskipti (Just Transition) vegna aðgerða í loftslagsmálum. ETUC hvetur aðildarsambönd sín til að styðja aðgerðir til að draga úr losun og leggja áherslu á loftslagsmál í samskiptum sínum við atvinnurekendur og stjórnvöld.

Íslenska verkalýðshreyfingin hefur svarað því kalli og BSRB, ASÍ og BHM eru nú í norrænu samstarfi verkalýðsfélaga um að kortleggja áhrif loftslagsbreytinga á efnahag og vinnumarkað. BSRB hefur hvatt stjórnvöld til að auka fé í fjárfestingar sem miða að samdrætti í losun og sem búi til ný og góð störf til frambúðar í loftslagsvænum atvinnugreinum. Það er miklu ódýrara að fjárfesta núna í uppbyggingu heldur en að fjármagna síðar eyðilegginguna sem loftslagsbreytingar munu valda. Stærstu aðgerðir stjórnvalda fela í sér skattlagningu á losun og ívilnanir fyrir t.d. rafbílakaup. BSRB hefur bent á mikilvægi þess að greina hvernig áhrif þessar aðgerðir hafi á mismunandi tekjuhópa og koma með mótvægisáðgerðir þegar hallar á þá tekjulægri. Þannig tryggjum við félagslegan stöðugleika í þeim samfélagsbreytingum sem framundan eru og stuðning almenningssins við aðgerðir til að tryggja lífvænlega framtíð.

Fatasóun

Gæðafyrirtæki

Á síðustu árum hefur orðið vakning í fataiðnaði hvað varðar efnainnihald í fatnaði og ábyrgð á umhverfisþáttum iðnaðarins. Sum af stóru fataframleiðendunum sem eru leiðandi í tísku almenningssins í dag eru orðin meðvitaðri og framleiða jafnvel sér línu með „grænum“ merkimiðum og birta ábyrga umhverfisstefnu á vefsíðum sínum. Það er mikilvægt fyrir okkur neytendur að fræðast um þau fyrirtæki sem við veljum að versla við.

Auk neikvæðra umhverfisáhrifa í fataframleiðslu þurfum við líka að vera meðvituð um það að í textíliðnaðinum starfar gífurlegur fjöldi manns um allan heim og þar njóta ekki allir mannsæmandi vinnuskilyrða. Barnaþrælkun og svokallaðar „sweatshop“ eru enn raunveruleiki margra þrátt fyrir að barist sé gegn þeim með öllum ráðum. Krafa okkar um lágt vöruverð hefur þarna áhrif auk magnsins sem við kaupum. Þegar við rekumst næst á „kjarakaup“ í verslunum skulum við aðeins velta fyrir okkur hvaðan varan er og með hvaða hætti er hún mögulega framleidd.

Skaðleg umhverfisáhrif

Textill er efni sem getur verið framleitt úr þráðum af mismunandi uppruna svo sem ull, bómull og viskósa en einnig úr tilbúnum trefjum og plastefnum. Framleiðsla á textíl hefur í för með sér neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Þessi áhrif geta margfaldast samhliða því sem við kaupum umfram þarfir. Framleiðslunni fylgir mjög mikil efnanotkun og auk þess er notað mikið af ferskvatni sem, eins og allir vita, er takmörkuð auðlind í heiminum. Áætlað hefur verið að við framleiðslu á einum gallabuxum þurfi í kringum 10.000 lítra af vatni miðað við núverandi framleiðsluáðferðir og um 3.000 lítra í einn stuttermabol. Þetta, ásamt gríðarlegu magni af efnavöru, hefur í för með sér mikla mengun á ferskvatni í þeim löndum þar sem framleiðslan fer fram. Sameinuðu þjóðirnar hafa áætlað að um 20% af allri mengun sem finna má í skólpi frá iðnaði sé frá textíliðnaðinum. Úr flíkum sem framleiddar eru úr gerviefnum (s.s. flísfatnaður og íþróttfatnaður) losna örtrefjar úr plasti þegar þær eru þvegnar sem svo berast til sjávar og valda plastmengun í hafi.¹

Kaup umfram þarfir er vandamálið

Síðan árið 2000 hefur framleiðsla á fötum nær tvöfaldast á sama tíma og þau enda sífellt hraðar í ruslinu. Sökina er að stórum hluta að finna í aukinni áherslu framleiðenda og kaupenda á hröðum breytingum á tísku. Árið 2019 var áætlað að meðal Evrópubúinn kaupir um 26 kg af fatnaði og losi sig við um 11 kg árlega. Hér á landi er hins vegar talið að hver einstaklingur losi sig við um 15-23 kg af vefnaðarvöru árlega, sem er margfalt meira en aðrir jarðarbúar. Umhverfisstofnun hefur áætlað að um 60% (14kg/íbúa/ári) sé urðaður með blönduðum úrgangi hér á landi. Rauði Krossinn tekur við um 40% (9kg/íbúa/ári) til endurnotkunar og endurvinnslu. Eitthvað er sent áfram í Rauða krossverslanir og nýtt á annan hátt. Magnið er hins vegar það mikið að minnst af því er endurnýtt hér á landi og því er næstum allur notaður textill sem safnast á Íslandi sendur í flokkunarstöðvar erlendis þaðan sem honum er svo dreift til endursöluaðila eða nýttur á annan hátt. Hér má bæta olíunni vegna flutningsins erlendis við samviskubitið!

Árið 2019 var áætlað að meðal Evrópubúinn kaupir um 26 kg af fatnaði og losi sig við um 11 kg árlega. Hér á landi er hins vegar talið að hver einstaklingur losi sig við um 15-23 kg af vefnaðarvöru árlega, sem er margfalt meira en meðal Jarðarbúinn.

Við hjá Sameyki viljum taka þátt í að vekja upp sterkari umhverfisvitund og munum því í næstu blöðum birta ýmsan fróðleik um hvernig við sem einstaklingar getum lagt okkar af mörkum. Grein Sigríðar Ingibjargar hér í blaðinu er hluti af því og hér er einnig fróðleikur um fatasóun og gífurleg neikvæð umhverfisáhrif textíliðnaðarins.

Saman gegn sóun var kynnt sem almenn stefna umhverfisráðuneytisins um úrgangsforvarnir frá árinu 2016 (með viðauka frá 2018). Stefnan gildir árin 2016-2027 og er megináhersla lögð á nýu flokka; matvæli, plast, textíl, raftæki, grænar byggingar og pappír. Þá verður unnið til lengri tíma með aukaafurðir vegna vinnslu á kjöti og fisk, drykkjarvöruumbúðir, reynt að draga úr myndun úrgangs frá stóriðju. Þar er m.a. lögð áhersla á nægjusemi, að nýta betur og minnka sóun.

Í samræmi við hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins er sett í forgang að draga úr myndun úrgangs og stuðla þannig að minni eftirspurn eftir náttúruauðlindum. Í stefnunni er lögð áhersla á nægjusemi, betri nýtni og minni sóun ásamt því að auka fræðslu til að koma í veg fyrir myndun úrgangs.

Úrgangsforvarnir snúast fyrst og fremst um það að nýta auðlindir okkar sem best og koma í veg fyrir framleiðslu eða notkun á ónauðsynlegum varningi. Hér getur almenningur haft mikil áhrif, ekki bara með því að flokka úrganginn heldur fyrst og fremst með því að stýra eigin neyslu.

Íslendingar eru ekki framarlega í fataframleiðslu en því öflugri neytendur þegar að því kemur að kaupa föt. Hver man ekki eftir röðunum sem mynduðust þegar H&M keðjan opnaði hér ekki fyrir löngu? Við höfum verið upptekin af því að læra að tileinka okkur að flokka úrgang. Aðgengi að flokkunartunnum hefur verið stórbætt og mikill meirihluti almenningssins er meðvitaður um mikilvægi þess að flokka og endurnýta úrgang. Hér munum við skoða betur hugtakið fatasóun og kynnast því hvers vegna mikilvægt er að velja vel hvað, hversu mikið og af hverjum við viljum versla fatnað á okkur sjálf og fjölskylduna. Að kaupa föt er sannarlega nauðsynlegt og er eitthvað sem við gerum öll þótt mismikið sé. Mörgum finnst alger kvöl og pína að velja sér fatnað á meðan aðrir njóta þess. Svo eru fötin einnig ákveðið tjáningarform til að sýna hver við erum. Munum samt að textill er ekki bara föt heldur einnig handklæði, mottur, teppi og rúmfatnaður svo eitthvað sé nefnt. Allt þetta eru vörur sem við þurfum til þess að halda á okkur hita og vernda okkur.

Hættan er sú að við höldum áfram að kaupa föt og textíl af því að við getum svo auðveldlega losnað við þau aftur í fatagáma þar sem þau eru endurunnin og hreinsað þannig samviskuna. Skoðum málið aðeins betur.

- hvað er það?

Áætlað hefur verið að við framleiðslu á einum gallabuxum þurfi í kringum 10.000 lítra af vatni miðað við núverandi framleiðsluaðferðir og um 3.000 lítra í einn stuttermabol. Þetta ásamt því gríðarlega magni af efnavöru hefur í för með sér mikla mengun á ferskvatni í þeim löndum þar sem framleiðslan fer fram.

Kaupum minna – nýtum betur

Kaupum minna – Færri flíkur en meiri gæði.

Með því að nota fötin okkar tvöfalt lengur getum við dregið úr umhverfisáhrifum af neyslu okkar á fatnaði um helming. Hugsaðu þig um áður en þú ferð að versla. Spurðu sjálfa/n þig: Vantar þig flíkina eða langar þig bara í eitthvað nýtt?

Fáum lánað eða leigjum – Það er til dæmis hægt að leigja spariföt s.s. jakkaföt, galakjóra eða jafnvel útivistarföt. Þá er einnig gott ráð að gefa föt áfram til fjölskyldu og vina, ekki bara barnafatnað. Það sem þú ert hætt/ur að nota geta örugglega aðrir nýtt sér.

Gera við fötin okkar – Ef við kunnum það ekki sjálf eru fjölmargar saumastofur boðnar og búnar að skipta um rennilás, stytta buxurnar eða víkka kjólinn. Færri nýta sér þessa þjónustu nú en áður vegna lækkandi verðs á fatnaði hér á landi. En er í alvöru skynsamlegra að henda tölulausri flík í Rauða kross gáminn en setjast niður og festa tölurnar?

Breytum – Stundum eru flíkur hreinlega orðnar þreyttar eða passa ekki lengur. Stundum er hægt að breyta þeim svo aðrir í fjölskyldunni geti nýtt þær eða þær fengið annað hlutverk. Margir klippa niður slitnar sokkabuxur og breyta þeim í hárteygjur. Gömul handklæði eða rúmföt geta orðið að hinum bestu tuskum o.s.fr. Notum ímyndunaraflíð.

Förum vel með – Líklega er þetta eitt besta ráðið við fatasóun. Með því að vanda okkur við þvotta og umhirðu góðra flíka má lengja líftíma þeirra. Fylgjum leiðbeiningum og spörum þurrkarann.

Kaupa notað – Það er ánægjulegt að sjá að undanfarin misseri hafa sprottið upp fjölmargar verslanir með notaðan fatnað. Lengst af voru það einungis Hjálpræðisherinn og sérvískulegar sérverslanir og síðan Rauði krossinn. Nú hafa bæst við verslanir víða um borg og bæi, meðal annars í Smáralindinni og Kringlunni sem selja einungis notaðan fatnað.

Eftirfarandi listi er fenginn af vefsíðunni samangegnsoun.is og þrátt fyrir að hann sé auðvitað ekki fullnægjandi þá gefur hann góða vísbandinu um fjölbreytni verslana sem selja notaðan fatnað. **Fatabúðir Rauða Krossins** – um allt land.

Aftur nýtt – Sunnuhlíð 12, Akureyri. Básar þar sem hægt er að kaupa og selja notaðan fatnað.

Barnaloppa – Skeifunni 11, Reykjavík. Básar þar sem hægt er að kaupa og selja notaðar barnavörur.

Extraloppa – Smáralind. Þar er hægt að kaupa og selja notuð föt fyrir fullorðna.

Hertex – Reykjavík og Akureyri. Fata- og nytjamarkaður.

Kringlubazaar – Kringlunni. Þar er hægt að kaupa og selja notuð föt fyrir bæði börn og fullorðna.

Spúútnik – Kringlunni og Laugavegi 28b, Reykjavík. Notuð föt til sölu.

Stína fína – Strandgötu 29, Hafnarfirði. Umboðssala á notuðum fatnaði, skóm og fleira fyrir konur.

Trendport – Hafnargata 60, Keflavík. Þar er hægt að kaupa og selja notuð föt fyrir bæði börn og fullorðna.

Wasteland Reykjavík – Ingólfsstræti 5, Reykjavík. Notuð föt til sölu.

Efni þessarar greinar er m.a. fengið af vefsvæði Umhverfisstofnunar, Saman gegn sóun sem er stefna umhverfisráðuneytisins um úrgangsforvarnir og vefsíðu Leiðbeiningastöðvar heimilanna.

- 1) Saman gegn sóun: <https://samangegnsoun.is/textill/>
- 2) Leiðbeiningarstöð heimilanna: <https://www.leidbeiningastod.is/leidbeiningar-og-rad/item/fatas%C3%B3un>

Gleymd er fimmta menntastöðin



Höfundur Ragnheiður Júlía Ragnarsdóttir

Hátt menntunarstig þjóðarinnar er mikilvægt vegna hraðra breytinga í nútímasamfélagi sem kalla á vel menntað vinnuafl til að efla hagkerfið. Þar ætti framhaldsfræðsla að leika stórt hlutverk en framlög til hennar hafa engu að síður dregist mikið saman. Framkvæmdastjóri Framvegis segist þurfa að auglýsa nám í haust án þess að hafa tryggingu fyrir því að fjármagn fái til að halda því úti.

Framhaldsfræðsla var lögfest árið 2010 sem úrræði til að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega menntun. Sama ár settu stjórnvöld sér háleit markmið um að hækka menntunarstig þjóðarinnar þannig að einungis um 10% þjóðarinnar hefðu bara grunnskólapróf að baki fyrir árið 2020. Samkvæmt Hagstofunni stóð sú tala í um það bil 22% árið 2019 ef miðað er við aldursbilið 25-64 ára.

Misræmi í orðum og gjörðum

Framhaldsfræðslan er oft kölluð fimmta menntastöðin en henni er ætlað að grípa fólk sem af einhverjum ástæðum hefur ekki lokið námi umfram grunnenntun. Í lögunum árið 2010 var útlistað hvernig skipulagi hennar yrði háttað sem og þátttöku ríkissjóðs. „Með breyttum atvinnumarkaði hefur mikilvægi og þörf fyrir framhaldsfræðslu aukist mikið,“ segir Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra og bendir á að framhaldsfræðslukerfið sé mikilvægt sem annað tækifæri fólks á vinnumarkaði til frekara náms. Í ljósi þeirra orða vekur athygli að framlög til framhaldsfræðslu hafi dregist saman um 12,9% á tímabilinu 2013-2019. Að sama skapi hafa fjárframlög til framhalds- og háskóla aukist til muna og því má ljóst vera að þarna er ákveðið misræmi í orðum og gjörðum stjórnvalda.

Stór markhópur sem er krefjandi að ná í

Símenntunarmiðstöðvar víða um land bjóða upp á eða hafa milligöngu um framhaldsfræðslu og á Sameyki hlut í Framvegis, miðstöð símenntunar. Miðstöðvarnar sækja sér fjármagn til Fræðslusjóðs sem Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins hefur umsýslu með og þarf það að duga fyrir svokölluðu raunfærnimati, náms- og starfsráðgjöf og svo fyrir námsleiðum. Vigdís Pýri Ásmundsdóttir framkvæmdarstjóri Framvegis bendir á að það sé engin trygging fyrir því að umbeðið fjármagn fái allt enda séu 11 miðstöðvar sem sækja í sjóðinn.

Markhópur framhaldsfræðslunnar er fólk yfir 18 ára aldri með stutta formlega menntun. Þetta er stór og margbreytilegur hópur fólks með misjafnan bakgrunn en margir innan hans eiga að baki erfiðleika sem hamla þeim að sækja sér nýja

þekkingu. Þessi hópur á það á hættu að sitja eftir og missa vinnu sína vegna örra tæknibreytinga og fjórðu iðnbyltingarinnar. Ennfremur á þessi hópur erfiðara uppdráttar núna á tímum Covid-19 og kreppunnar sem veiran hefur valdið og þarf því enn frekari stuðning. Vigdís Þyrí segir að það sé oft á tíðum erfitt að ná til þessa fólks þar sem að það sæki síður í símenntun heldur en þeir sem meiri menntun hafa. Framvegis hefur að því marki unnið bæði með Virk og Vinnumálastofnun. „Þeir sem að koma til okkar eru gjarnan þeir sem eru best settir af þessum hópi en við þurfum að ná betur til hinna“ segir hún. „Það eru alls konar ástæður fyrir því að fólk heldur ekki áfram í framhaldsskóla eða dettur út og það er gjarnan tortryggið á skólakerfið og okkur eftir neikvæða fyrri reynslu. Það er áskorun að ná þeim aftur inn en það hefst. Og það er dásamlegt að sjá fólk vaxa í náminu. Hver og einn sem að heldur svo áfram í vinnu eða skóla er sigur.“

Framlög til framhaldsfræðslu hafi dregist saman um 12,9% á tímabilinu 2013-2019. Að sama skapi hafa fjárframlög til framhalds- og háskóla aukist til muna.

Auglýsa nám án þess að hafa tryggingu fyrir kostnaði

Á seinasta ári stunduðu 137 nemendur nám hjá miðstöðinni sem fellur undir framhaldsfræðslu auk þess sem náms- og starfsráðgjafar þeirra veittu nærri 600 viðtöl. Þrátt fyrir það segir Vigdís að ekki hafi náðst að anna eftirspurn vegna þess að fjárveiting Fræðslusjóðs til miðstöðvarinnar það árið var uppurin strax á vorönn. Hið sama er uppi á teningnum á þessu ári og er miðstöðin því í talsverðri óvissu um námsframboð sitt nú þegar skólar eru almennt að hefja störf.

Vigdís segir að vissulega hafi þetta áhrif á getu Framvegis til að sinna þessu hlutverki.

„Við þurfum að auglýsa námsframboð okkar núna en við vitum ekki hvort við fáum til þess pening. Það er auðvitað gjörsamlega galið! Á þessum vikum sem nú eru að líða er fólk að skipuleggja og hefja nám ef það ætlar út í slíkt. Og markhópur framhaldsfræðslunnar er sérstaklega viðkvæmur; ef við neyðumst til að vísa einhverjum frá núna er ekkert víst að þeir komi aftur þegar betur árar hjá okkur. Þá heldur tökum við á okkur fjárhagslegan skell og sinnum þeim núna.“



Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra bendir á að framhaldsfræðslukerfið sé mikilvægt sem annað tækifæri fólks á vinnumarkaði til frekara náms. Því miður stangast orð og gerðir stjórnsvalda á.

Menntamálaráðherra var bent á þetta og spurð hverju þetta sætti. Hún sendi skriflegt svar án þess að svara þessu beint og sagði að lög um framhaldsfræðslu hafi gert stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins kleift að vinna í góðri sátt að mörgum samstarfsverkefnum sem bæti aðgengi þessa markhóps að frekara námi. Hins vegar segir hún að ljóst sé að einfalda þurfi kerfið og reglur um úthlutun fjárveitinga til að auka gagnsæi og yfirsýn. Helmingur langtímaatvinnuleitenda tilheyrir þessum markhópi og því sé verið að verja miklum fjármunum til margs konar náms sem hvetja til virkni og menntunar á tímum atvinnuleysis.

Vigdís gefur ekki mikið fyrir þau svör. „Þátttökutölur í vottað nám eru svipaðar seinustu ár vegna þess að þær haldast í hendur við veitt fjármagn til málaflokksins. Fjárveiting til framhaldsfræðslunnar hefur ekki hækkað undanfarin ár og hefur þannig lækkað að raunvirði. Ekki er gert ráð fyrir hækkun næstu ár þrátt fyrir mikla eftirspurn og þörf.“



„Framhaldsfræðslan á að vera fimmta menntastöðin en það virðist gleymast nema í flottum ræðum,“ segir Vigdís Pírí Ásmundsdóttir framkvæmdastjóri Framvegis.

Úrræði frá samhæfingarhópi

Dagný Aradóttir Pind situr fyrir hönd BSRB í Samhæfingarhópi um atvinnu- og menntaúrræði sem er ætlað að skoða stöðu námsmanna og atvinnuleitenda við breyttar aðstæður í íslensku samfélagi. Hópurinn hefur þegar lagt fram tillögur sem miða að því að um 7.7 milljörðum króna verði varið til mennta- og vinnumarkaðsaðgerða á næstu þremur árum. Þar á meðal er aukafjárveiting til Fræðslusjóðs vegna framhaldsmenntunar auk þess sem fólki í atvinnuleit verður gert kleift að fara í nám á þessari önn.

Dagný segir að þetta séu góð fyrstu skref en fleiri séu þó eftir, til dæmis þurfi að huga að því hvernig fjölga megi störfum og þá ætli hópurinn einnig að leggja til að námsúrræðið fyrir atvinnulausa muni ná yfir tvær annir í stað einnar.

Vigdís Pírí fagnar einnig þessum úrræðum enda hafi hlutfall atvinnulausra aukist mikið og að erfitt sé að mæta svo stórum hópi með núverandi fjármagni. Hún hefur þó viljað sjá þau fyrir. „Þetta fjármagn kemur seint. Mér hefur þótt eðlilegar ef tillögur Samhæfingarhópsins hefðu legið fyrir og verið samþykktar í júní svo hægt hefði verið að ljúka undirbúningi haustannar fyrir haustið í stað þess að við séum á fullu að vinna að þessu núna í ágúst, það er bara mjög seint.“

Framhaldsfræðslan gleymist í umræðunni þrátt fyrir að mikilvægi hennar aukist

Vigdís kallar eftir því að framhaldsfræðslunni sé gefið meira vægi í almennti umræðu.

„Ég upplifi stundum að fólk hvár þegar ég segi hvað ég starfa við og mér finnst það svo undarlegt. Það er eins og það sé aldrei fjallað um menntakerfið í heild sinni. Framhaldsfræðslan á að vera fimmta menntastöðin en það virðist gleymast nema í flottum ræðum. Símenntunarmiðstöðvar verða ekki til í tómarúmi heldur hefur skapast ákveðin þörf í samfélaginu fyrir þær. Það er talsvert brottfall úr framhaldsskólum sem þarf þá að mæta á öðrum vettvangi. Til þess þarf að vera gott samstarf á milli menntastöða og þar ætti ráðherra að koma inn með yfirsýnina. En við söknum þess að framhaldsfræðslan sé rædd á opinberum vettvangi og gefin meiri gaumur.“



Dagný tekur í sama streng.

„Þessi málaflökkur er ótrúlega mikilvægur og mikilvægi hans eykst sífellt í hlutfalli við breytingar og óvissu á vinnumarkaði. Ljóst er að í nálægri framtíð mun fjöldi fólks þurfa á framhaldsfræðslu eða endurmenntun að halda en okkur vantar afgerandi stefnumörkun hvað varðar færniþörf framtíðarvinnumarkaðar.“

„Umhverfið utan um þennan markhóp framhaldsfræðslunnar þarf að vera bæði skilvirkara og betra,“ segir Vigdís að lokum. „Aukin menntun bætir sannarlega hag allra, ekki bara námsmanna heldur hag alls samfélagsins.“

Ljósmyndasamkeppni - vinningsmyndir



Blaðið blés til ljósmyndasamkeppni í sumar og bárust okkur fjölmargar skemmtilegar myndir að því tilefni. Myndirnar áttu að sýna orlofshúsin okkar eða umhverfi þeirra eða sýna fólk nýta sér aðra orlofskosti s.s. veiði- eða útilegukortið. Vinningsmyndirnar eru allar gullfallegar og lýsa skemmtilegum augnablikum hver á sinn hátt. Það er samt skemmtileg tilviljun að flestar verðlaunamyndirnar voru teknar á Eiðum. Vinningshafar munu fá að launum helgardvöl í orlofshúsum félagsins innanlands að eigin vali (utan úthlutunartíma.)

1. sæti – Þröstur Sigurðsson. Þessi skemmtilega mynd er tekin þegar fjölskyldan dvaldi í orlofshúsi félagsins á Eiðum í júní síðastliðnum í góðu yfirlæti og veiddi meðal annars fisk á grillið.



2. sæti – Dagný Ásta.

Í öðru sætinu lenti myndasería frá Dagný Ástu sem einnig var tekin á Eiðum og við veiðar.



Aukaverðlaun fær hins vegar mynd **Maríu Bjargar Gunnarsdóttur**, sem hún nefndir „Gullmolar við þjóðveginn“.



3. sæti – Monika Kalucka. Þessi fallega mynd var einnig tekin við Eiðar.



MYND: HANS HILLEWAERT (CC-BY-SA 4.0)

HÖFUNDUR BH • BRAGI@TUTUS.IS • KROSSGÁTUR.GÁTUR.NET



			NÚNA	S	HÁMARK	H		AFLETTA		REMMU- JURT	BRESTA				
			SKAFFA	Ú	T	G	Á	F	A	FYRIRTÆKI	M	S			
			ÖS	Ú	T	R	Á	S	BRÁÐ- RÆÐI	F	L	A	N		
			MÆLI- EINING	V	A	T	T	HRAKA	B	I	L	A			
			LESMAÐ	T	E	X	T	Í	ÁKAFLEGA SKRAUT- STEINN	O	F	U	R		
			KRANI	G	STUTT- NEFNI	LJÚFUR	G	Ö	Ð	U	R	K			
					RYKÖGN										
			LITUR	H	A	G	A	HLUTA	P	A	R	T	A		
			BEITI- LAND					HÉKK							
			PRÁÐUR												
HAUGUR	H	R	Ú	G	A	KVK. NAFN	E	R	L	A	DVELJA	BYLGJAST	HLUT- TAKANDI		
SÁÐKORN															
	F	R	Æ	I	N	N	I	EINLEIGUR	A	L	H	U	G	A	
								ESPA							
NÝLEGGI	Y	N	G	R	I	ÞVAÐUR	R	Ö	F	L	MISKUNN	N	Á	Ð	
HÖTUN						REGISTUR					KYS				
	Ö	G	N	U	N	LJÁR	S	I	G	Ð	GÁT	V	A	R	I
						HRINDING					SKORPA				
ROTNUN	G	SJÁVAR- DYR	F	I	S	K	STÖR	R	I	S	I	STING	A	L	
		SKYGGNI					LYKTIR				VINGJARN- LEIKI				
	Y	L	D	A	T	R	Ú	A	SAFN	K	L	A	S	I	
									ÁSKOTNAST						
TVEIR EINS	E	E	SLÁTTAR- TÆKI	L	J	Á	R	HELLINGUR	F	U	L	L	T	LAND Í EVROPU	
			SLAGA					PLANTA							
RÆKTA	Y	R	K	J	A	LJÓMANDI	S	K	Æ	R	ÁRS- GAMALL	Ú	MAJURT	Í	
						GRIPA									
GLJÚPUR	S	UMHYGGJA	R	Æ	K	S	L	A	LÆGST	N	E	Ð	S	T	
		GAS- TEGUND							ÚTSKOT						
	L	I	N	U	R	TIF	T	I	K	K	I	TVEIR EINS	A	A	
						AFBROT						SULD			
SKABI	N	E	S	LÉT	S	E	T	T	I	EKKERT	N	Ú	L	L	
ELDFJALLA- ASKA	G	O	S	M	Ö	L	UM- FJÖLLUN	U	M	R	Æ	Ð	A	Í	
VINKONA															
	V	I	N	A	BOX	K	A	S	S	I	FUGL	R	I	T	A

Lausnarorðið var HUGSTÓR

Vinningshafi krossgátunnar

Svanur Guðbjartsson er krossgátuvinningshafinn okkar að þessu sinni. Hann gerir krossgátur í samvinnu við konuna sína, en hún er samt duglegri segir hann. Svanur segir þau yfirleitt alltaf gera krossgátuna en stundum gleyma að senda inn lausnina. Það hafi þó borgað sig núna.

Svanur er hættur að vinna en starfaði áður sem húsvörður í Menningar-
miðstöðinni Gerðubergi. Hann segist þó hafa hætt strax 67 ára því hann
var aldrei sáttur við launin þó vinnan hafi verið góð. Ef ekki hefði verið
fyrir launin segir hann, þá hefði hann unnið til sjötugs.

Svanur ætlar nota vinninginn og skella sér í sumarbústað seinna í vetur.

Létt

	1		4			3	5	
	8			6	1	7	2	9
	2	7				4		
1		9		4		6		
	6		5	1	3	9		
5	4			7				
			2			1	9	7
8	7							
	9	1			4	8	6	

Miðlungs

				1				4
	7	1	4			8		
6	5				7			1
3	9							8
7							9	
	2	6		9				
4			7					3
		3			8			
5					1	6		2

Erfiðari

			5	1			8
			4	2			
6						7	
					5		
8	7	9		4			
4						8	
	9	2				3	
			1				9
		5		3	7	6	



		BIFA	↙			VAGGA	HÓLMI	STAFLI	↘		BLÓMI	
		SPÁ- DÖMUR						RÓTA				
	LEIÐ											
	LÍKA			SKYNFÆRA							GORTA	
	HLJÓÐFÆRI			VÆL								
	↘						RÆKTAR- LAND					
ÞÓ						SNEPLA						
						AFHENDA						
EYJA Í ASÍU		SVEIFLA						TVÍHLJÓÐI				
		EYRI						TUDDA				
	↓	KJÖKUR	↘	MED- GANGA		1	DJÚP				SKÓLI	
				STRÍÐNI			SPJALL					
RÍKI Í AFRÍKU					FJANDI				ÞJÁ			
		HVATNING				ATA		2				VITLEYSA
		ESPA				FYRIRTAK						
YRKJA					BYLGJAST						ÁLÍTA	
TIGNASTI					TÍSKU							
↘					ARRA				GERÐ			
					KRAFTUR				AFSPURN			
TVEIR EINS			NYTSEMI			FOKVONDUR				TVEIR EINS		
						TILDUR- RÓFA						
FLÍK		HVÍLD	RÆKTAÐ				KOSTUR					
			ENDA- VEGGUR				FLAT- NESKJA					
↘			5	GERLEGT						ÁTT		
				HOLLUSTA						NART		
MEINDÝR					SKÍFA	GÆLUNAFN					4	FROSKUR
TÍÐAR												
↘					TILDUR	3			HLJÓÐ- FÆRI		SAMTÖK	
				SLÁTTAR- TÆKI								
		ÚTTROÐA					STAFUR	LÆRA				
		STAFUR						LÆGD				
RÆMA						ENDA- LAUST					6	
FISKUR												
↘			MEGNUÐ- UM				FRAM- BURÐUR					
	MAKA					SVAKA				TÓNNA		

Allt er breytingum háð

Á hverju hausti hefur Starfsmennt gefið út bækling með yfirliti yfir námskeið og aðra þjónustu og sent til félagsmanna aðildarfélaga sinna.



Haustið 2020 verður brugðið út af þessum vana og í stað þess að senda bækling með póstinum verða allar upplýsingar birtar á vef Starfsmenntar, í fréttabréfi og á samfélagsmiðlum.

Við hvetjum ykkur því til að skrá ykkur á póstlistann og fylgja okkur á samfélagsmiðlum.



Hvað býður Starfmennt?

- Starfsmennt býður upp á margs konar nám og námskeið til að efla sig í starfi m.a. á sviði tölvu- og upplýsingatækni, verkefnastjórnunar, opinberrar stjórnsýslu og þjónustu.
- Við veitum stofnunum þjónustu og ráðgjöf á sviði mannauðsefningar og starfsþróunar m.a. með því að setja upp heildstæðar námsleiðir fyrir stofnanir sem vilja stuðla að markvissri hæfniþróun sinna starfsmanna.
- Einstaklingar geta fengið viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa til að ræða stefnu í lífi og starfi, taka áhugasviðspróf og fá upplýsingar um leiðir til að efla færni sína og sjálfstraust.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 550 0060, með tölvupósti á netfangið smennt@smennt.is eða á vef Starfsmenntar www.smennt.is